

SHALDOR  
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Sumar og börn



Europpris  
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

MÍÐVIKUDAGUR

PITT

23. júní 2010 — 145. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Virðing og vinátta

Alþjóðlegi ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur í dag.

tímamót 18

## Listahátíð á Jónsmessu

Íslenskir listamenn verða kynntir á Jónsvöku.

fólk 22



## Frakkar niðurlægðir

Frakkland hefur lokið þátttöku á HM. Eitt stig og eitt mark var uppskeran.

íþróttir 26

## veðrið í dag



VÆTA EYSTRÁ Í dag verða norðaustan 3-10 m/s. Væta SA- og A-lands en léttir heldur til SV- og V-til. Hiti 8-20, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4

# Undirbúa stefnubreytingu varðandi Evrópuumsókn

Tillaga um að Sjálfstæðisflokkurinn beiti sér fyrir því að Ísland dragi umsókn sína að Evrópusambandinu til baka verður lögð fram á landsfundi um helgina. Sumir óttast að Evrópumálin geti klofið flokkinn.

**STJÓRN MÁL** Aukalandsfundur Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn verður um næstu helgi, mun taka afstöðu til þess hvort flokkurinn leggi til að aðildarumsókn að Evrópusambandinu verði dregin til baka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Allar líkur eru á að slík tillaga verði samþykkt.

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður flokksins, hefur talað fyrir því að það verði gert. Hún segist ekki munu leggja slíka tillögu fram

á fundinum, en gerir ráð fyrir að aðrir muni gera það.

Ljóst er að stefnubreytingu þarf í Evrópumálum, því núverandi stefna flokksins gerir ráð fyrir tvöfaldri þjóðaratkvæðagreiðslu. Af henni varð ekki, umsókn liggur fyrir og samþykki fyrir viðræðum af hálfu sambandsins.

Evrópusinnar innan Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið ræddi við gerðu ekki ráð fyrir miklum tíðindum af fundinum, ólíkt efa-

semdarmönnum. Þeir töldu samstöðu mikilvægustu skilaboð fundarins og slík ályktun mundi skipta mönnum í tvær fylkingar. Sumir óttuðust klofning væri hún samþykkt.

Svo virðist sem aðrir vindar blási nú í Evrópumálum hjá Sjálfstæðisflokknum en fyrir ári, þegar núverandi stefna var samþykkt. Þá voru fjölmargir til í að láta reyna á aðild, en nú virðist þeim hafa fækkað.

Um aukalandsfund er að ræða, en samkvæmt dagskrá ætti að halda landsfund á næsta ári. Aðeins verður samþykkt stjórn-málaályktun um helstu stefnumál flokksins, ekki fjöldi ályktana um ólík málefni. Almennar umræður um ýmis málefni verða með þjóðfundarsniði.

Enn sem komið er hafa einungis Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal lýst yfir framboði til formanns og varaformanns flokksins. - kóp



**BLÁSIÐ Í LÚÐRANA** Áhorfendur á Laugardalsvelli blésu af krafti í vuvuzela-lúðra þegar Íslenska kvinnaliðið mætti því króatíska í skemmtilegum leik í gærkvöld. Íslensku stúlkurnar unnu leikinn með þremur mörkum gegn engu. Lúðrar og stórar trommur eru venjulega bannaðar innan vallarins en sökum gifurlegra vinsælda lúðrana á HM verður lítið framhjá notkun þeirra um sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



GÓÐ SAMAN Salurinn tryllist þegar Tom Jones steig á svið.

Anna Mjöll í Los Angeles:

## Tom Jones kom óvænt á sviðið

**FÓLK** Stórsöngvarinn Tom Jones tók lagið með Önnu Mjöll Ólafsdóttur á tónleikastaðnum Vibrato í Los Angeles á mánudagskvöld.

Tónleikar Önnu Mjallar voru í fullum gangi þegar hún sá Tom Jones meðal gesta. Hún bauð honum að sjálfsgöðu upp á svið og lét hann ekki segja sér það tvisvar.

„Hann kom svo bara upp með glasið sitt,“ segir Anna Mjöll.

Tom, sem varð sjötugur 7. júní, þáði boðið og þau sungu saman lagið When I Fall in Love.

- afb / sjá síðu 30

Lítill snjór í vetur og þurr veður í vor gæti orsakað slæga veiði í sumar:

## Veiðimenn bíða eftir rigningu

**NÁTTÚRA** Vatnsrennsli í ám suðvestanlands er með minnsta móti og gæti það haft áhrif á veiðitímabilið í sumar, þar sem lax og sjóbirtur er rétt nýbyrjaður að ganga í ár. Þetta segir Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun.

Guðni segir tvennt koma til varðandi vatnsleysið; lítinn snjór í vetur og þurr veður framan af vori. „Um þetta leyti eru seiði að vaxa og hrogn að klekjast út í ánum, sem er undirstaða næstu árganga og ef vatn verður mjög lítið geta uppeldissvæði farið á þurr og önnur minnkað.“

Fleiri þættir hafa áhrif á fiskgengd en vatns magnið, í heitu veðri minnkar súrefnisinnihald vatns þegar rennsli minnkar. Það eykst svo aftur þegar rignir og fiskurinn á þá auðveldara með að ganga.

Guðni segir sérfræðinga Veiðimálastofnunar hafa fundið dauða fiska í Markarfljóti og Svaðbælisá eftir eldgosin eystra. „Þar fundust dauðir fiskar eftir að fast efni blandað gosefnum ruddist gegnum árnar og gerði þær ólífvenlegar um tíma.“

- kóp, þlg / sjá Allt



Kauptu mig!  
ÉG ER ÓDÝR OG BRAGÐGÓÐ  
JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART



hótel edda

BROSANDI  
ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 Íkí Laugarvatn • 3 Skógar  
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður  
7 Egilsstaði • 8 Eiðar • 9 Stórufljarnir  
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Isafjörður  
13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á  
www.hoteleda.is eða í síma 444 4000

## SPURNING DAGSINS



„Kristín, eru þið ekki bara að berja höfðinu við bleika steininn?“

„Nei, við höfum nú ekki bitað í steininn með það.“

Kristín I. Pálsdóttir er ráðskona í Féministafélagi Íslands. Í fyrradag veitti félagið hvatningarverðlaun sín, Bleika steininn.

Ráðherraskipti í Finnlandi:

## Kiviniemi í stól forsætisráðherra

**HELSINKI, AP** Finnsla þingið valdi Mari Kiviniemi í embætti forsætisráðherra landsins í gær.



MARI KIVINIEMI

Kiviniemi tekur við af Matti Vanhanen sem tilkynnti í janúar að hann hygðist hætta sem forsætisráðherra og formaður finnsla Miðflokksins en Kiviniemi

tók við formannsembætti flokksins fyrr í mánuðinum.

Kiviniemi, sem er 41 árs gömul, er önnur konan til að gegna embætti forsætisráðherra Finnlands en hún var áður ráðherra opinberrar stjórnsýslu og sveitarstjórnarmála.

Vanhanen hafði verið í embætti frá árinu 2003.

Færeyingar iðnir á netinu:

## Hálf þjóðin er á Facebook

**FÆREYJAR** Helmingur færeysku þjóðarinnar er kominn með síðu á samskiptavefnum Facebook, að því er fram kom í færeyskum fjölmiðlum í gær.

Samkvæmt könnun sem Gagnaeftirlitið í Færeyjum gerði nýlega, en sú stofnun samsvarar Persónuvernd hér á landi, eru alls 24 þúsund Færeyingar komnir með eigin síðu. Skipting milli kynja mun nokkurn veginn jöfn.

Flestir notendurnir eru í yngri kantinum, eða á aldursbilinu 25 til 35 ára. Yngstu notendurnir í Færeyjum sem vitað er um munu vera átta og ellefu ára þrátt fyrir að aldurstakmarkið samkvæmt ríkjandi reglum Facebook sé þrettán ár.

Breska stjórnin boðar harkalegan niðurskurð í velferðarmálum:

## Ráðuneytin spari fjórðung

**BRETLAND, AP** George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, kynnti í gær mestu niðurskurðarfjárlög ríkisins til margra ára-tuga. Meðal annars verða lagðir ýmsir nýir skattar á landsmenn, auk þess sem sérstakir skattar verða lagðir á banka.

„Við þurfum að greiða reikninginn fyrir ábyrgðarleysi fyrri tíma, við höfum þurft að læra upp á nýtt þá dyggð að fara vel með fjármuni,“ sagði Osborne á þingi í gær, þegar hann lagði fram sérstök neyðarfjárlög hinnar nýju ríkisstjórnar Íhaldsflokksins og

Frjálslynda flokksins, sem í vor tók við af stjórn Gordons Brown, leiðtoga Verkamannaflokksins.

Á fjárlögum er flestum ráðuneytum stjórnarinnar gert að draga úr kostnaði um 25 prósent. Með þessu móti hyggst stjórnin spara sér 30 milljarða punda í útgjöldum.

Auk þess þurfa flestir ríkisstjórsmenn, að undanskildum þeim lægst launuðu, að þola launafyrstingu í tvö ár. Að minnsta kosti 11 milljarða á að spara með því að draga úr velferðarútgjöldum.



**RAUÐA TASKAN KVÖDD** Osborne fjármálaráðherra veifar í síðasta sinn fjárlagatöskunni góðu, sem notuð hefur verið í 150 ár samfleytt. NORDICPHOTOS/AFP

Varnarmálaráðherra Ísraels:

## Áform um niðurrif gagnrýnd

**Jerúsaleim, AP** Varnarmálaráðherra Ísraels, Ehud Barak, gagnrýndi í gær áætlanir um að rífa 22 hús Palestínubanna í Jerúsaleim. Sagði ráðherrann um vonda tímasetningu og skort á almennri skynsemi að ræða.

Yfirvöld í Jerúsaleim hafa áformað að rífa húsin og byggja þar ísraelska ferðaþjónustumiðstöð. Borgarstjórnin vísaði gagnrýninni á bug. Ummæli ráðherrans komu í kjölfar gagnrýni Sp og Bandaríkjanna. Barak á nú í viðræðum við Barack Obama. - þeb

Ráðherrar EFTA í Reykjavík:

## Minnast fimm-tíu ára afmælis

**UTANRÍKISMÁL** Á árlegum ráðherrafundi EFTA, sem hefst í Reykjavík í dag, verður fimm-tíu ára afmælis EFTA minnst. Jafnframt eru fjórutíu ár liðin frá inngöngu Íslands í samtökin.

Á fundinum verða undirritaðir frívörslunarsamningar við Perú og Úkraínu. Einnig verður efnt til ráðstefnu um efnahagshrunið og alþjóðaviðskipti.

Fundinn sækja Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Doris Leuthard, forseti Sviss og efnahagsmálaráðherra, Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, og Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein.

Þjónusta við neytendur:

## Reiknivél um fjarskiptaverð

**NEYTENDUR** Kristján Möller samgönguráðherra opnaði í gær reiknivél á netinu þar sem neytendur geta borið saman verð á fjarskiptabjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun stendur að reiknivélinni.

Par er hægt að gera samanburð á verði á algengustu inn- og utlandisnotkun á heimasíma og farsíma, auk niðurbæis á gögnum erlendis frá með ADSL-teningum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur unnið að þróun reiknivélarinnar í samvinnu við fjarskiptafyrirtækin og hagsmunaaðila í neytendamálum. Neytendur geta ekki sannreynt símreikninga sína, aðeins gert samanburð á algengri þjónustu. Slóðin er einföld: reiknivél.is. - kóp



KRISTJÁN L. MÖLLER



**HJÓLATÚR UM MIÐBORGINA** Ungmennin hafa undanfarið dvalið í Reykjavík og fóru meðal annars í hjólatúr um borgina með leiðsögumanni á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vestur-Íslendingar á slóðum forfeðranna

Tólf ungmenni frá Kanada og Bandaríkjunum dvelja nú á Íslandi til að kynast landi og þjóð. Fólkið er allt afkomendur Vestur-Íslendinga og mun búa og starfa hjá íslenskum ættmönnum víðs vegar um landið næstu vikurnar.

**FÓLK** Tólf ungmenni frá Kanada og Bandaríkjunum eru nú stóðd hér á landi þar sem þau taka þátt í Snorra-kerfinu, verkefni sem er ætlað að efla tengsl við afkomendur Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku. Fólkið á allt rætur að rekja til Íslands.

„Núna eru hér tólf ungmenni á aldrinum 18 til 30 ára, flest frá Kanada en nokkur frá Bandaríkjunum,“ segir Alexía Gunnarsdóttir, umsjónarmaður verkefnisins. Fólkið dvelur hér á landi í sex vikur. „Fyrstu tvær vikurnar eru þau í Reykjavík þar sem þau sitja ýmsa fyrirlestra, læra íslensku og fara í alls konar heim-sóknir. Svo erum við með hjálpar ætfræðings búin að rekja ættir þeirra og finna fjarskylda ættingja þeirra hér á landi. Nú á föstudaginn fara þau sitt í hverja áttina og dvelja hjá ættingjum um allt land næstu þrjár

### Hvað er Snorraverkefnið?

Snorraverkefninu er ætlað að veita ungu fólki frá Bandaríkjunum og Kanada, sem á rætur að rekja til Íslands, tækifæri til að heimsækja Ísland. Verkefnið hefur verið starfrækt á hverju sumri frá árinu 1999. Það er samstarfsverkefni Norræna félagsins og Þjóðræknisfélags Íslendinga. Hægt er að fræðast frekar um verkefnið á slóðinni [snorri.is](http://snorri.is).

vikurnar. Sum fara á sveitabæi og vinna þar en önnur hafa fengið ýmsa vinnu í bæjunum þar sem þau verða.“ Alexía segir flest ungmennanna vera á leið á slóðir forfeðra sinna, sem skipti mörg þeirra miklu máli. Í lok ferðarinnar verður svo farið í vikuferðalag um landið og helstu náttúruperlurnar skoðaðar.

„Þetta er fallett verkefni, og það er fallett hvað Íslendingar taka vel í þetta. Íslendingar eru svo stoltir af

uppruna sínum og það var svo auðvelt að hringja í fólk og segjast vera með frænku þeirra frá Kanada, það voru allir boðnir og búnir að opna heimili sín og gera allt fyrir þau. Sama hvert maður hringdi. Í sumum tilvikum leið mér bara eins og ég hefði verið að gefa fólki gjöf, með því að búa til þessa tengingu. Þá hafði fólk alveg misst tengslin við þetta fólk sem fór vestur. Þar var mikil gleði að fá tenginguna aftur.“

thorunn@frettabladid.is

Erfiðlega gengur að þúsula saman samráðsnefnd á vegum fjármálaráðuneytis:

## Nefndin skilar punktum í júlí

**EFNAHAGSMÁL** „Það hefur reynst þrautinni þyngri að þúsula saman þessari samráðsnefnd,“ segir Marianna Jónasdóttir, formaður starfshóps fjármálaráðuneytis, sem leggja á fram tillögur að breytingum á skattkerfinu.

Starfshópurinn var settur á lagginnar í apríl og á að skila af sér fyrstu áfangaskýrslu eftir þrjár vikur. Marianna segir hópinn hafa snemma gert sér grein fyrir því að tíminn sé naumur. Í fyrstu áfangaskýrslu verði grófar línur lagðar. Bein tillögur bíði skýrslu sem skila á fyrir árslok.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur starfshópurinn aldrei fundað með þeim fulltrúum sem tilnefndir voru í samráðsnefnd sem vinna á með starfshópnum. Marianna segir ástæðuna þá að ekki er búin að fullskipa í nefndina. Enn vanti upp á að jafna hlut kynja í henni. „Við erum að vinna í þessu og hvetja menn til að skila inn tilnefningum. Þingflokkarnir hafa verið lengst á eftir. Það verður reynt til þrautar að hringja í fyrnamálið [í dag] en planið er að halda fund á föstudag,“ segir Marianna sem var stóðd á fundi ríkisfjármálanefndar OECD í París í Frakklandi



**FORMAÐURINN** Boðað hefur verið til fyrsta fundar starfshóps fjármálaráðuneytis og samráðsnefndar hennar á föstudag, segir Marianna Jónasdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. Nefndin fylgist með skattamálum innan OECD-ríkjanna en það er eitt hlutverka starfshópsins. - jab

Esfirlæti  
Hvert er þitt esfirlæti?

Nú er esfirlæti Hrismjólkinn þin komin í nýjar umbúðir

# SPRUNGIÐ, BENSÍNLAUS EÐA BARA STOPP?

**Tryggur – Bílahjálp** er ný þjónusta sem aðstoðar þig ef þú lendir í bílavandræðum, hvar sem er á vegum landsins.



Ráðgjöf og aðstoð í síma 800 9000



Aðstoðum þig hvar á landinu sem er



Opið allan sólarhringinn



**70%**  
AFSLÁTTUR



Viðskiptavinir VÍS í F plus fá allt að **70%** afslátt.

**TRYGGUR**  
BÍLAHJÁLP

GENGIÐ 22.06.2010

Table with exchange rates for various currencies including US Dollar, British Pound, Euro, Danish Krone, Norwegian Krone, Swedish Krone, and Japanese Yen.

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 201,7976

Alþingi kemur saman á fimmtudag og ætlar aðallega að fjalla um vanda heimilanna og skuldir: Tvö róttæk frumvörp verða látin bíða

ALÞINGI Illa stödd heimili verða til umræðu þegar þing kemur saman á fimmtudag. Einnig kemur til greina að ræða um búvörur. Endanleg dagskrá liggur ekki fyrir. Heimildir herma að þrátt fyrir góðan vilja náist ekki að klára tvö róttæk mál, frumvarp sem leyfir hóp málssóknir og annað sem stytir fyrningarfrest krafna. Lilja Mósesdóttir, formaður viðskiptanefndar, segir að það hefði orðið mikil bót í máli fyrir skuldara að stytta fyrningartíma krafna í fjögur ár. „Það hefur hingað til verið hægt að endurnýja kröfuna og hundelta fólk fram á grafarbakann,“ segir hún. Það sem standi helst í þingmönnum sé „ótti við eignarréttinn“ en sá ótti hafi einnig tafið lykilafrumvarpið svokallaða, um að skuldarar

geti skilað íbúðum til lánveitenda. Fjármálastofnanir hafa lagst gegn því frumvarpi. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, segir vilja til þess að lögfesta hóp málssóknina og að takmarka það hversu lengi er hægt að halda uppi kröfum gagnvart fólk. Málín séu nú stödd í allsherjarnefnd. Röbert Marshall, formaður allsherjarnefndar, vill ekki staðfesta að málín tvö nái ekki í gegn. Það sé óljóst. „Það hefur staðið til að fá umsagnir um þau meðal annars frá réttarfarsnefnd. Við erum að reyna að koma til móts við þá sem eru skuldum vafnir og eru að semja við kröfuhafa. Það samræmist líka því almenna sjónarmiði að fólk sé gefið tækifæri til að spyrna við fótum og byrja að nýju.“

Hvaða heimilismál verða á dagskrá?

- Greiðsluáðlögun einstaklinga
■ Tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota
■ Tímabundin greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði
■ Umboðsmaður skuldara
■ Tekjuskattur (skattaleg meðferð á eftirgjöf skulda).

Hugsanlegt:
■ Meðferð einkamála (hóp málssókn).
■ Gjaldþrotaskipti og fyrning kröfurettinda.
■ Skilmálabreytingar veðtryggðra lánsamninga (bílalán).
Dagskráin er ekki fastmótuð og gæti því breyst.

Dómsmálaráðherrar funda: Fyrirbyggja afbrot ungmenna

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna funduðu í gær um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn afbrotum barna og ungmenna. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra sat fundinn sem fram fór í Danmörku. Ráðherrarnir fjölluðu einnig um baráttuna gegn innbrotum á heimili og meðferð kynferðisbrota mála. Ákveðið var að beina því til norrænnar ríkislögreglustjóra að skoða þörfina á aukinni samvinnu milli landanna á rannsókn og meðferð mála er varða innbrot á heimili og þjófnaði, sem oft tengist alþjóðlegri glæpastarfsemi. Ríkislögreglustjórunum var falið að koma með tillögur til úrbóta.



RAGNA ÁRNADÓTTIR

Sigrún fékk starfið án þess að sækja um

Sigrún Stefánsdóttir hefur verið ráðin dagskrárstjóri sjónvarps RÚV án auglýsingar. Forveri hennar sagði starfinu lausu eftir tæpa tvo mánuði. Sigrún sótti ekki um starfið en útvarpstjóri telur hana hæfari en 36 fyrri umsækjendur.

FJÖLMÍÐLAR Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri útvarps RÚV, hefur einnig verið ráðin sem dagskrárstjóri sjónvarps og mun gegna báðum stöðum tímabundið.

Eftir tæpa tvo mánuði í starfi sem dagskrárstjóri sjónvarps RÚV sagði Erna Kettler starfi sínu lausu af heilsufarsástæðum. Erna var valin úr hópi 37 umsækjenda í vor og tók við stöðunni í byrjun maí. Hún hafði þá verið starfandi sem fulltrúi í innkaupadeild sjónvarpsins.

Erna mun síðan verða aðstoðarmaður dagskrárstjóra sjónvarps þegar hún verður heil heilsu.

PÁLL MAGNÚSSON



ERNA KETTLER

Páll Magnússon, útvarpstjóri RÚV, segir starf slíks aðstoðarmanns ekki hafa tíðkast á síðustu árum, en þó hljóti staðan að hafa verið til á einhverjum tímum. Hann tekur einnig fram að Sigrún hafi verið sú hæfasta til að gegna stöðu dagskrárstjóra af þeim sem hann hafði um að velja eftir að Erna sagði starfi sínu lausu. Þó hafi komið til greina að auglýsa stöðuna aftur.

„Ef Sigrún hefði verið í hópi



NÝR DAGSKRÁRSTJÓRI RÚV Sigrún Stefánsdóttir var ráðin sem dagskrárstjóri sjónvarps án þess að staðan hafi verið auglýst.

þeirra sem sóttu um í mars getur vel verið að ég hefði ráðið hana,“ segir Páll. „Ástæðan fyrir því að hún var ekki ráðin þá er einfaldlega vegna þess að hún sótti ekki um.“

Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur var í hópi þeirra sem sóttu um stöðu dagskrárstjóra í vor og telur hún að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt að auglýsa starf af þessu tagi.

„Mér finnst að það vanti skilning í samfélaginu á því hvað þetta er mikilvægt og áhrifamikill starf,“ segir Lára.

Hallur Hallsson blaðamaður er einnig úr hópi umsækjenda síðan í vor og tekur hann í sama streng. „Þessi þróun innan Ríkisút-

varpsins er mjög varhugaverð,“ segir Hallur. „Gegnsæið er alveg horfið úr starfsemi og ég er alveg hættur að skilja hvert Páll Magnússon er að fara með stofnunina. Þetta er ríki í ríkinu.“

Sigrún Stefánsdóttir segist ekki hafa sóst eftir starfinu en taka ráðningunni sem merki um viðurkenningu og traust útvarpstjóra á hennar vinnu.

„Ég er búin að starfa lengi hjá RÚV og Páll þekkir mín vinnubrögð,“ segir hún.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvornig stöðu dagskrárstjóra útvarps verður háttað í framtíðinni en útvarpstjóri tekur fram að sameining sé ekki í spilunum eins og er.

sunna@frettabladid.is



HÖRMUNGARÁSTAND Gríðarleg flóð hafa orðið mörgum að bana í Brasilíu.

Gríðarleg flóð í Brasilíu: Hátt í fjörutíu manns látnir

BRASILÍA Alls höfðu 38 manns týnt lífi og um þúsund var saknað í gærkvöld í Brasilíu eftir gríðarleg flóð sem þar hafa geislað síðustu daga.

Yfir hundrað þúsund manns hafa þurft að flýja heimili sín vegna flóðanna.

Sjónarvottar segja að heilu þorpin á svæðinu séu horfin og tjónið sé gífurlegt. Á síðasta ári létust hátt í 50 manns í flóðum á sömu svæðum.

- sv

Landhelgisgæslan kolluð út: Fleiri ferðamenn slasast

SLYS Tveir ferðamenn veltu bifreið sinni á Snæfjallaströnd í gær. Þyrta Landhelgisgæslunnar flutti annan ferðamanninn, sem reyndist vera með höfuð- og bakáverka, á slysadeild Landspítalans.

Í fyrstu var talið að meiðsli mannsins væru minni háttar en nánari rannsókn leiddi í ljós að áverkarnir voru það alvarlegir að maðurinn þarf að leggjast inn á spítala í einhvern tíma. Hinn maðurinn slapp ómeiddur.

- sv

Advertisement for Nicorette Invisi 25 mg patches. Includes image of a man applying a patch and a box of Nicorette patches.

Weather forecast section (VEÐURSPÁ) featuring a map of Iceland with temperature and weather icons, a list of international temperatures (HEIMURINN), and a forecast for tomorrow (FÖSTUDAGUR).

# BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



**159**  
KR. DS

BÓNUS HRÁSALAT 350g



fróðsh 250 ml flaska **298 kr.**  
fruit: bottled

LOKSINS KOMIÐ AFTUR



**198**  
KR. 270ML

BÓNUS KÖLD GRILLSÓSA



**398**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGABITAR  
MERKT VERÐ 498 KR.KG. **20% afsláttur**



**479**  
KR. KG

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR  
MERKT VERÐ 598 KR.KG. **20% afsláttur**



**1598**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**



**998**  
KR. 1 KG

BÓNUS FROSNIR  
KJÚKLINGAMOLAR 1 KG.



**565**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR  
MERKT VERÐ 664 KR.KG **15% AFSLÁTTUR**



**998**  
KR. 1 KG

BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG



**698**  
KR. 800g

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g



**159**  
KR. STK

BÓNUS NÝBAKAÐIR SNÚÐAR  
MEÐ SÚKKULADI EÐA KARAMELLU



**398**  
KR. KG

K.F NÝTT KJÖTFARS



Brokkolí



Brokkolí og  
grænmetis blanda




Grænmetis  
wok-blanda

EUROSHOPPER FROSIÐ GRÆNMETI 1 KG. **298 kr.**



Blåbær

**295**  
KR. 250g



hindbær

FROSN BLÁBER & FROSN HINDBER 250g



**74**  
KR. 500 ML



**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



Óttast þú að læknaskortur verði á landinu?

Já	53,4%
Nei	46,6%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Á Ísland að draga umsókn sína að Evrópusambandinu til baka?

Segðu skoðun þína á Vísí



Sjóður á vegum Auður Capital kaupir Tal af dótturfélagi Landsbankans:

## Sjá tækifæri á markaðinum

**VIDSKIPTI** „Tal er nú komið í óháða og dreifða eigu. Við höfum trú á vexti á fjarskiptamarkaði,“ segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður verðbréfafyrirtækisins Auður Capital. Hún segir viðskiptahugmynd Tals víðeigandi nú á tímum þegar heimilin þurfi að halda fast um budduna.

Auður 1, fjárfestingarsjóður sem Auður Capital á hlut í með helstu lífeyrissjóðum landsins og fagfjárfestum, hefur keypt fjarskiptafyrirtækið Tal. Fjárfestingargeta sjóðsins nemur 3,2 milljörðum króna. Kaupverð er

trúnaðarmál. Tal tilheyrði Teymi, móðurfélagi Vodafone, og nokkurra upplýsingatæknifyrirtækja. Vestia, dótturfélag Landsbankans, sem heldur utan um eignahluti bankans í yfirteknum fyrirtækjum, á rúman sextíu prósentu hlut í Teymi.

Halla gat ekki sagt til um hvort breytinga megi vænta á Tali eftir eigendaskipti, sem ganga í gegn eftir mánuð. Líklegt sé þó að Auður Capital færi fjarskiptahljónustu sína frá Símanum yfir til Tals.

- jab



**HALLA TÓMASDÓTTIR** Stjórnendur Auður Capital hafa lengi sagt fáa fjárfestingarkosti á markaðnum. „Frostið er að þiðna,“ segir Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skattayfirvöld íhuga skoðun:

## Kanna í hvað styrkirnir fóru

**SKATTAMÁL** Til skoðunar er hjá skattayfirvöldum að kanna hvort framboðsstyrkjum til stjórnmalamanna hafi verið varið í kosningabaráttu eða til eigin nota. Styrkirnir eru tekjuskattsskyldir hafi þeir runnið beint í vasa stjórnmalamannanna. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Skattayfirvöld geta krafist þess að stjórnmalamennirnir upplýsi um hvernig styrkjum hefur verið varið. Slíkt mun þó ekki hafa verið gert enn sem komið er.

# Ekki ríkisstjórnar að taka á málinu

Ríkisstjórnin hefur rætt um ólögmati gengistryggðra bílalána. Næstu skref eru í höndum fjármögnunarfyrirtækja. Viðskiptaráðherra segir lánatakendur verða að velja um verðtryggða eða óverðtryggða vexti í stað gengistryggingar.

**EFNAHAGSMÁL** „Ég held að það yrði sanngjörn og eðlileg niðurstaða að styðjast við hagstæðustu vexti Seðlabankans við útreikning á gengislánum. En það er ekki mitt að skera úr um það. Ríkisvaldið getur gert sitt til að stýra málum í réttan farveg. En það er ekki hlutverk hennar að



**GYLFI MAGNÚSSON**

taka fram fyrir hendur á dómsvaldinu,“ segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra.


Ríkisstjórnin ræddi á fundi sínum í gærmorgun niðurstöðu Hæstaréttar frá í síðustu viku um ólögmati gengistryggingar bílalána í krónum.

Gylfi segir enga ákvörðun hafa verið tekna á fundinum. Farið hafi verið yfir stöðuna og ákveðið að bíða næstu skrefa fjármögnunarfyrirtækjanna.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækjanna fundað stíft frá því úrskurður Hæstaréttar féll. Þeir segi erfitt að leysa málið á meðan ekki sé vitað við hvað eigi að miða við útreikninga á gengistryggðum lánum. Tugir þúsunda lánasamninga eru í lausu

### Höfuðstóll myntkörfuláns

Dæmi um höfuðstól myntkörfuláns (jen og evrur) til fjögurra ára tekið í júní 2007.



lofti og hafa fyrirtækin ákveðið að senda ekki út greiðsluseðla fyrir lán á gjalddaga í júlí.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lagði til sama dag og dómur Hæstaréttar féll í síðustu viku að miða skyldi útreikning gengistryggðra lána við hagstæðustu vexti Seðlabankans líkt og lög um verðtryggingu kveði á um. Vextirnir eru bæði verðtryggðir og óverðtryggðir.

Gylfi tekur undir þá hugmynd, segir það einföldustu leiðina, ekki

síst við útreikning bílalána. Lánatakendur verði að eiga val hvora leiðina þeir kjósi. Hann ítrekar að það sé ekki ríkisstjórnarinnar að taka ákvörðun.

„Hæstiréttur á að skera úr um þetta. Þangað til þarf að finna ásættanlega leið svo fólk geti greitt af lánum án þess að fyrirgera rétti sínum eða hætta fé sínu. Þegar Hæstiréttur kemst að niðurstöðu sinni verður hægt að ljúka málinu,“ segir Gylfi.

jonab@frettabladid.is

### Mismunandi þróun lána

Óvist er við hvað eigi að miða í útreikningum á gengistryggðum bílalánunum eftir niðurstöðu Hæstaréttar í síðustu viku. Kristinn H. Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, mælti fyrir því í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær að færa verðtryggingu á lánin í stað gengistryggingar. Kristinn bendir á að gengistrygging hafi verið eftirsótt sökum þess að vextir voru lágir auk þess sem sterkt gengi krónu olli því að verðtryggingin var lítil sem engin í samanburði við innlendu verðtrygginguna. Gengistryggt

hafi ekki staðið til boða ef ekki væri verðtrygging. Bæði sé eðlilegt og sanngjarnt að verðtryggja lánin.

Þeir sem rætt hefur verið við um málið segja margir erfitt að reikna út stöðu gengistryggðra lána í dag. Margir lánatakendur hafi gripið til ýmissa ráða í kjölfar gengishrunsins; ýmist fengið afborganir frystar eða lengt í afborgunum. Við það hafi viðmiðin breyst. Dæmið hér er áætluð þróun á höfuðstól algengs myntkörfuláns sem samanstendur af jenum og svissneskum frónum.

Umhverfisráðherra setur reglur um losun brennisteinsvetnis í andrúmsloftið:

# Hefta mengun frá virkjunum

**UMHVERFI** Styrkur brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum hefur aukist til muna eftir að nýting jarðhita var aukin á Hellisheiðarsvæðinu. Brennisteinsvetni getur haft skaðleg áhrif á heilsu fólks, gróður og mannvirki.

Umhverfisráðuneytinu hafa borist margar kvartanir frá almenningsi sökum brennisteinsvetnis í loftinu í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur nú sett fram reglugerð um takmörkun styrks brennisteinsvetnis í andrúmsloftinu með það að markmiði



**HELLISHEIÐI** Brennisteinsvetni í andrúmsloftinu er skaðlegt mönnum, gróðri og tækjabúnaði.

að draga úr mengun frá jarðhitavirkjunum og öðrum neikvæðum áhrifum hennar á heilsu fólks.

Núverandi reglur um takmörkun efnisins í loftinu þykja ekki nothæf í ljósi nýlegra mælinga. Alþjóða heilbrigðisstofnunin setur mörk brennisteinsvetnis í loftinu við 150 míkrogrömm í rúmmetra en reglugerðin setur markið við 50 míkrogrömm. Þau fyrirtæki sem reka jarðvarmavirkjanir eiga því að setja upp mælistöðvar og fylgjast betur með losun brennisteinsvetnis.

Samkvæmt ráðuneytinu er þetta fyrsta skrefið til að draga úr mengun frá virkjunum sem þessum og verið sé að skoða hvort þörf sé á frekari takmörkunum.

- sv

## ALLIR GÖNGUSKÓR Á 20% AFSLÆTTI

YFIR 35 GERÐIR

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**  
 Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
**PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**

# Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin

## Í leiðinni úr bænum



Ódýrustu flugurnar í mörg ár? Flugurnar okkar eru í hæsta gæðaflokki og á góðu verði. **Silungaflugur frá 190 krónum og straumflugur á 290 krónur.**



DAM Taslan vöðlur. Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir. **Ódýrustu vöðlurnar í bænum? Aðeins 8.995.**



RT neoprenvöðlupakki. Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki með útöndun. **Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995**



Okuma og DAM hjól í ótrúlegu úrvali. Traust merki í hjólum á stórmarkaðsverði. **Hjól með línu og tveim spólum á aðeins 3.995.**



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði. Mjúkt og hlýtt efni. Treyja og buxur saman. **Tilvalið í alla útvist. Aðeins 9.995.**



Úrval af góðum og veiðnum spúnum. **Bæjarinst besta verð? Aðeins 299 krónur stykkið.**



Hnífasett. Stál og hnifar ásamt bretti í plasttösku. **Ómissandi í veiðitúrinn. Aðeins 5.995.**



Ormar og makrill. Þú færð beituna í veiðiferðina í Sportbúðinni.



DAM öndunavöðlupakki. DAM öndunavöðlur og skór með filtsóla. Merkjavara á stórmarkaðsverði. **Frábært verð. Aðeins 29.995.**



Scierra CC3 vöðlupakki. Vandaðar 3ja laga öndunavöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 39.900 fyrir settið.**



Scierra CC4 vöðlupakki. Sterkar 4ra laga öndunavöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 49.900 fyrir settið.**



Scierra CC6 vöðlupakki. Sterkar 6 laga öndunavöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 59.900 fyrir settið.**



Scierra Nevada veiðivesti. Gerviefni sem drekkur lítið í sig og þornar fljótt. Margir vasar. **Tilboðsverð aðeins 5.995**



Ron Thompson veiðibakpoki með stangarfestingu. Nettur og góður poki sem opnast vel. **Frábært verð. Aðeins 3.995.**



Ron Thompson veiðijakki. Vatns- og vindheldur jakki með hettu og fjölmörgum vösum. Hægt að renna ermum af og breyta í vesti. **Frábært verð. Aðeins 12.995**



Ron Thompson nestisbakpoki í veiðitúrinn eða útileguna.

Diskar, hnífapör og könnur ásamt aukahlutum fyrir fjóra. Öllu haganlega komið fyrir í góðum bakpoka. **Tilboðsverð aðeins 9.995**



Ron Thompson Travel Force flugustöng. 4ra hluta stöng og harður hólkur fylgir. **Hefurðu séð betra verð? Aðeins kr. 10.995.**




Ron Thompson Energizer flugulínur á ótrúlegu verði. **Aðeins 4.995**



Scierra tvíhendupakki. 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, sökkaumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. Trúlega einhver bestu kaupin í tvíhendum. **Allur pakkinn á aðeins 49.995.**



Scierra einhendupakki. 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól. DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti. **Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995**



DAM letingjar fyrir duglega veiðimenn. **Aðeins 895**



**SPORTBÚÐIN**

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



DAM tökuvarar í letingjaveiði. **Aðeins 1.695**

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050  
sportbudin.is



- 1 Hvaða umdeilda hátíð var haldin á Akureyri síðustu helgi?
- 2 Hvar var Elín Sólberg Eyjólfsdóttir kjörin sumarstúlka?
- 3 Hvaða óvenjulegu afmælisgjöf fékk María Sigurðardóttir frá Hvammstanga á dögnum?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

## Einkaréttarkröfu vísað frá: Húðflúrari var sýknaður af kynferðisbroti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað húðflúrara af kynferðisbroti gegn stúlku og broti gegn barnaverndarlögum. Jafnframt var einkaréttarkröfu stúlkunnar vísað frá héraðsdómi, þar sem maðurinn var sýknaður af sakargiftum um brot gegn henni.

Stúlkun kom ásamt vinkonu sinni og kærasta á stofuna til húðflúrarans til að fá sér húðflúr. Eftir það bar hún á hann áðurgreindar sakir.

Hæstiréttur taldi framburð vitnanna óljósan og mjög á reiki. Yrði sakfelling ekki reist á honum. Húðflúrarinn neitaði staðfastlega öllum sakargiftum.

-jss

# Fjármálaráðherra líst vel á bankaskatt

Ríkisstjórnir Bretlands, Frakklands og Þýskalands tilkynntu í gær að þær ætli að leggja sérstakan skatt á bankastofnanir. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir hug sinn standa til þess að það verði skoðað hér á landi.

**EFNAHAGSMÁL** „Ég held að þetta sé að mörgu leyti rétt hugsun og mér fellur hún vel. Að til viðbótar innlánstryggingakerfi sem á að fjármagna sig sjálft með iðgjöldum innlánsstofnana, sé lagt í einhvern stöðugleikasjóð.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



MAGNÚS ORRI SCHRAM

Þannig er kerfið sjálft látið bera hluta kostnaðarins sem áföll í fjármálakerfinu hafa þegar valdið. Þannig að þetta verður örugglega skoðað hér, allavega stendur minn hugur til þess,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, spurður um hugmyndir sem settar hafa verið fram um sértekna tekjuskatt á banka.

Ríkisstjórnir Bretlands, Frakklands og Þýskalands tilkynntu sameiginlega í gær að þær ætli að leggja slíkan skatt á bankastofnanir til að vernda skattgreiðendur frá þeim kostnaði sem fylgir fjármálakreppum.

## Bankaskatti komið á í Evrópu

Ríkisstjórnir Bretlands, Frakklands og Þýskalands tilkynntu sameiginlega í gær að þær hygðust leggja sérstakan skatt á bankastofnanir til að vernda skattgreiðendur frá þeim kostnaði sem fylgir fjármálakreppum. Í yfirlýsingu segir að markmið þjóðanna þriggja sé að tryggja að fjármálastofnanir leggi sanngjarnan hluta af mörkum til ríkisins sem endurspeglir áhættuna sem þær valda fjármálakerfinu. Að auki á skatturinn að hvetja banka til að breyta efnahagsreikningum sínum þannig að áhætta minnki. Stærð skattsins skal fara eftir hagnaði hvers banka fyrir sig. Í Þýskalandi er vinna við frumvarp þegar hafin en í Bretlandi og Frakklandi er vinna skemmra á veg komin.

Sviar urðu fyrstir í heiminum til að leggja á sérstakan bankaskatt í fyrra en í kjölfarið hefur slík skattlagning verið til umræðu víðast hvar í heiminum.

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, setti fram hugmyndir um sérstakan bankaskatt í ræðustól Alþingis hinn 10. júní síðastliðinn en þær vöktu töluverða athygli.

„Við núverandi stöðu ríkisfjármála finnst mér að þeir sem séu mest aflögufærir eigi að leggja meira til. Þannig hef ég nálgast umræðuna hvað varðar skattlagningu einstaklinga og fjármagnstekjuskatt og mér finnst það sama eiga að gilda um fyrirtæki. Hin röksemdin er sú að ég tel að stór hluti af þeim vandamálum sem við eigum að glíma við í dag megi rekja til banka-

starfsemi og þess vegna tel ég auðvelt að færa rök fyrir því að þeir eigi að leggja sérstaklega inn í endurreisnina,“ sagði Magnús Orri í samtali við Fréttablaðið og bætti því við að hugmyndir sínar hefðu fallið í góðan jarðveg innan þingflokks Samfylkingarinnar.

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins vinnur um þessar mundir að tillögum í skattamálum. Starfshópnunum er ætlað að skila áfangaskýrslu eigi síðar en 15. júlí. Steingrímur J. Sigfússon segir öruggt að starfshópurinn muni fara yfir þessa hugmynd eins og aðrar. [magnusl@frettabladid.is](mailto:magnusl@frettabladid.is)



HASS Kíló af hassi reyndist vera í bifreið sem lögregla stöðvaði í fyrradag.

## Karlmaður handtekinn: Fundu kíló af hassi í bifreið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann eitt kíló af hassi í bifreið í Árbæ í Reykjavík um hádegisbil í fyrradag.

Umráðamaður bílsins, karlmaður um þritugt, var handtekinn. Hann hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. Í kjölfarið var framkvæmd hútleit í íbúð í fjölbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu en í henni fundust nokkrir tugir kannabisplantna. Á sama stað var einnig lagt hald á fáeina muni sem grunur leikur á að séu þýfi.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímanum 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

-jss

## HÆSTIRÉTTUR

### Fjórir sóttu um

Fjórir sækja um starf hæstaréttardómara. Þau eru Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari, Viðar Már Matthíasson, settur hæstaréttardómari, og Þorgeir Örlýgsson, dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Skipað verður í embættið í ágúst.



Þjónustulán  
0% vextir

## Sumarið er tíminn fyrir Mitsubishi

### Vaxtalaust 100% þjónustulán

Mitsubishi eigendum finnst gaman að ferðast. Þeir njóta líka góðs af áratugareynslu Sværis og félaga á Mitsubishi þjónustuverkstæðinu. Þú getur fengið vaxtalaust 100% lán ef eitthvað þarf að gera við bílinn þinn, með sveigjanlegum greiðslum til allt að tólf mánaða\*. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

\*Lán geta numið að hámarki 500 þús. að lágmarki 60 þús. Lántökugjald: 3%.

Val um upprunalega eða ódýrari varahluti

Sérstök hraðþjónusta í boði

Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!



# FRUMSÝNUM BÍLINN SEM GETUR

## - Honda Jazz



**Mér er ánægja að bjóða þér á frumsýningu á algjörlega nýrri hönnun á mér - bílnum sem getur meira en þú ímyndar þér.**

Ég get verið skynsami valkosturinn með frísklegri en sparneytinni Honda vél, þá veistu að eldsneytisnotkun verður í lágmarki, rekstrarkostnaður nánast enginn og umhverfið í fyrir-rúmi. Ég get státað af verðlaunum frá ströngustu dómurum bílamarkaðarins – bíll ársins í Danmörku og Japan. Ég get verið skemmtilegur valkostur: Með töfrasætum er hægt að útbúa innanrýmið á ótal vegu til að flytja fimm skemmtilega ferðafélaga eða þann farangur sem þér hentar. Ég get tryggt fimm stjörnu öryggi allra um borð og fjögurra fyrir gangandi vegfarendur. Ég get komið hlaðinn staðalbúnaði, sem sjaldan sést í bíl af þessari stærð, en get samt boðið þér að bæta meiru við ef þig langar í þitt einstaka útlit. Ég get ótal margt og jafnvel meira til ef þú lætur þér detta eitthvað skemmtilegt í hug.

**Komdu og sjáðu hvað ég get – komdu og prófaðu mig - Honda Jazz.**



[www.honda.is](http://www.honda.is)



Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Íslensku vatni úr Ölfusinu dreift í stærstu borgum Rússlands:

## Vatnið komið til stórveldanna

**VIÐSKIPTI** Íslenska vatnsátöppunar-fyrirtækið Icelandic Water Holdings hefur gert dreifingarsamning við rússneska drykkjavörufyrirtækið ZAO Nectar-Trade um dreifingu á vatni á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial í Rússlandi.

Vatninu, sem er úr lind í landi Hlíðarenda við Þorlákshöfn á Suðurlandi, er tappað þar á flöskur í verksmiðju sem tekin var í gagnið síðla árs 2008. Feðgarnir Jón Ólafsson, löngum kenndur við Skífuna, og sonur hans, Kristján, eiga um áttatíu prósent hlut í fyrirtækinu en bandaríski drykkjarvörurissinn

Anheuser Busch fimmting. Samningurinn í Rússlandi er einn af þeim stærstu hjá Icelandic Water Holdings en vatninu úr Ölfusinu er nú dreift í öllum ríkjum Bandaríkjanna og fæst að auki víða í Evrópu. Þá hefur það birst í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta í Bandaríkjunum.

ZAO Nectar-Trade selur hágæðavörur og er með samning við bensinstöðvar vítt og breitt um Rússland. Gert er ráð fyrir að íslenska vatnið verði til sölu fyrir austan í og við Moskvu og St. Pétursborg til að byrja með.

- jaf



**VERKSMÍÐJAN RÆST** Jón Ólafsson, stjórnaformaður vatnsfyrirtækisins, sýnir Össuri Skarphéðinssyni, þá iðnaðarráðherra, átöppunarverksmiðjuna við vígslu hennar í september 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/

Ákærður fyrir íkveikju:

## Kveikti eld í íbúðarhúsnæði

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið ákærður fyrir íkveikju. Manninum er gefið að sök að hafa í janúar á síðasta ári hellt bensíni inn í stigagang hússins við Tryggvagötu í Reykjavík og kveikt síðan í.

Eldurinn breiddist út og varð húsið aelda áður en yfir lauk. Íbúi hússins flýði úr húsinu og komst út heill á húfi.

Með íkveikjunni olli ákærði eignatjóni á báðum hæðum hússins og hættu á frekara eignatjóni.

- jss

Safnað fyrir Vesturbæjarlaug:

## Sundgestir fá fiskabúr á ný

**REYKJAVÍK** Nýtt fiskabúr verður tekið í notkun í Vesturbæjarlaug í dag. Mímír, vináttufélag Vesturbæjar, hrinti í fyrria af stað söfnun til að endurreisa fiskabúr sem lengi var í anddyri Vesturbæjarlaugar í samráði við forsvarsmenn laugarinnar og Reykjavíkurborg. Safnað var í samskotabauka í anddyri laugarinnar og víðar í Vesturbæ.

Verndari söfnunarinnar var Gísli Halldórsson, arkitekt gamla búrsins, en hönnuðir þess nýja eru Bjarki Gunnar Halldórsson arkitekt, Margrét Leifsdóttir arkitekt og Sigurður Gunnarsson verkfræðingur. Vígsla búrsins fer fram klukkan 17.30 í dag.

Hitt húsið býður upp á þjálfun fyrir ungt fólk sem er án atvinnu í að setja sér markmið og viðhalda þeim:

## Koma til móts við atvinnulaus ungmenni

**SAMFÉLAGSMÁL** Hitt húsið stendur fyrir þrjú sumardagskrá fyrir ungt fólk í júní og júlí með það að markmiði að virkja ungt fólk félagslega og þjálfað það í að setja sér markmið.

„Þetta er spurning um að bregðast við ástandinu eins og það er í samfélaginu í dag,“ segir Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og hópstjóri í Hinu húsinu. „Það eru allt að 1.500 manns á aldrinum 17 til 24 ára atvinnulausir í Reykjavík og það verður að koma til móts við þá.“

Í fyrsta lagi er boðið upp á hóparstarf ungmenna fyrir ungmenni og segir Agnar ekkert þar vera ómögulegt: „Þau skipta sér í hópa eftir áhugasviðum. Ef þig lang-

ar í strandblak þá finnur þú einhvern með þér í það. Ef þig langar að þrjú undir tré þá er það líka eitthvað sem er hægt að gera,“ segir hann.

Síðan eru námskeið sem haldin eru á vegum fagfólks. Þar má nefna heimildarmyndagerð, fatabreytingar og dulvísindanámskeið og eru þau öll ókeypis. Í þriðja lagi eru í boði námskeið sem Hitt húsið er með í sambandi við Vinnuálastofnun og þjálfar fólk í að setja sér markmið og framfylgja þeim, sækja um vinnu og vera félagslega virk í samfélaginu.

„Það sem er magnað við þetta er að það geta allir gert allt,“ segir Agnar. „Það þarf bara að koma sér af stað.“

- sv



**TRAUSTSÆFING** Agnar Jón með hópi ungmenna Hins hússins

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég vil *persónulega* þjónustu í bankanum mínum

Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is

Hver er framtíð hvalveiðibannsins?

# Litlar líkur á sátt í hvalveiðiráðinu

**Innbyrðis deilur andstæðinga hvalveiða á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins virðast ætla að koma í veg fyrir að samkomulag takist um málamiðlun, sem fæli í sér takmarkaðar hvalveiðar. Andrúmsloft innan ráðsins hefur þó batnað.**

„Ég er ekki bjartsýnn á að samkomulag náist á fundinum,“ segir Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem staddur er á ársfundi ráðsins í Agadír í Marokkó.

Á fundinum, sem hófst á mánudag og stendur fram á föstudag, var lögð fram málamiðlunartillaga sem átti að koma á sáttum milli þeirra ríkja ráðsins sem eru andvíg hvalveiðum og hinna sem stunda hvalveiðar. Tillagan felur það í sér að aldarfjórðungs-bann við hvalveiðum verði í reynd numið úr gildi, en í staðinn verði vernd hvala áfram tryggð með því að veita þeim þremur ríkjum, sem enn veiða hvali þrátt fyrir bannið, það er Íslandi, Noregi og Japan, leyfi til að veiða hvali í takmörkuðu magni samkvæmt kvótaútlutun árlega frá ráðinu.

„Fundurinn hefur hins vegar snúist upp í innbyrðis deilur milli andstæðinga hvalveiða,“ segir

Tómas. „Sum þessara ríkja eru ekki reiðubúin til að fallast á neina málamiðlun sem fæli í sér aðrar hvalveiðar en frumbyggja-veiðar.“ Þar fara fremst í flokki Ástralía, Brasilía og önnur Suður-Ameríkuríki, ásamt Bretlandi og fleiri Evrópusambandsríkjum.

„Við áttum frekar von á að athyglin á fundinum myndi beinast að hvalveiðiríkjunum þremur og andstöðu þeirra við hugsanlegt viðskiptabann,“ segir Tómas, og á þar við hugmynd, sem höfð var innan sviga í texta málamiðlunartillögunnar, um að takmörkuðum hvalveiðum myndi fylgja afdráttarlaus bann við því að selja hvalkjöt milli landa.

Hvalveiðiríkin þrjú hafa verið andvíg þessari tillögu. „Fyrir útlutningslandið Ísland væri alls ekki hægt að fallast á takmarkanir á viðskiptum með sjávarafurðir sem aflað er með sjálfbærum hætti,“ segir Tómas.

Fyrirfram var óvíst hvort þessi tillaga myndi ná fram að ganga á fundinum. Á það hefur hins vegar ekki enn reynt, vegna fyrrgreinds ágreinings milli andstæðinga hvalveiða um kvótaveiðarnar.

Tómas segir hins vegar að framtíðarhorfur hvalveiðiráðsins hafi skánað mjög, en fyrir fundinn var almennt álitid að framtíð ráðsins væri í húfi á þessum fundi. Samkomulag þyrfti að takast, annars væri hætta á því að ráðið myndi



Á ÁRSFUNDINUM Í AGADÍR Tómas H. Heiðar, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, ásamt Ástu Einarsdóttur frá utanríkisráðuneytinu. NORDICPHOTOS/AFP

hreinlega leysast upp eða verða nánast marklaus stofnun.


„Það er almennt mat manna að andrúmsloftið innan ráðsins hafi batnað mjög undanfarið ár. Ríki, sem eru á öndverðum meiði, hafa farið að vinna meira saman. Það hafa verið hreinskiptin samskipti, aukin gagnkvæm virðing og betri skilningur á afstöðu hver annars. Þetta vekur vonir um að ráðið geti starfað áfram á næstu árum, þótt samkomulag takist ekki um þessa málamiðlun.“

**Guðsteinn Bjarnason**  
gudsteinn@frettabladid.is



## Framtíð hvalveiða rædd

Undanfarinn aldarfjórðung hafa hvalveiðar verið bannaðar. Frumbyggjar fimm ríkja hafa þó haft heimild til að veiða hvali, auk þess sem fimm ríki hafa veitt hvali í vísindaskyni eða í krafti fyrirvara sem þau hafa gert við bannið. Þrjú þeirra, Ísland, Noregur og Japan, veiða enn hvali.



MEGINATRÍÐI MÁLAMIÐLUNARTILLÖGU \*Suður-Kórea og Rússland hættu hvalveiðum 1986

- Allar hvalveiðar verði undir eftirliti Alþjóðahvalveiðiráðsins í tíu ár. Hvalveiðilönd fallist á kvótaútlutun ráðsins og taki ekki einhliða ákvarðanir um veiðar samkvæmt ákvæðum um vísindaveiðar eða annað slíkt.
- Eftirlitskerfi verði sett upp, m.a. eftirlitsmenn um borð í skipum, erfðaeftirlit yfir veiðda hvali og sýnishorn verði tekin á mörkuðum til að stöðva ólöglegar veiðar.
- Hvalveiðiríki fái árlegar veiðiheimildir til ársins 2020. Alls verði leyft að veiða nærri 12.000 hvali.
- Hvalveiðar verði eingöngu heimilær þeim þremur löndum sem nú þegar stunda þær, nefnilega Japan, Ísland og Noregur. Ekki verði þó hróflað við veiðum frumbyggja.

Heimild: Alþjóðahvalveiðiráðið Mynd: AP © GRAPHIC NEWS

**Þinn *eigin* þjónusturáðgjafi**

Viðskiptavinir okkar í vildarþjónustu Arion banka fá sinn eigin þjónusturáðgjafa sem setur sig inn í þeirra mál. Persónuleg þjónusta sem miðast við þarfir hvers og eins.

Við ætlum að gera betur



Hafðu samband

sími 444 7000 • frjalsilif.is



# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

## Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun,  
24. júní, kl.17:15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

## Dagskrá

- |                                 |   |
|---------------------------------|---|
| 1. Skýrsla stjórnar             | 5. Kjör endurskoðanda                           |
| 2. Kynning ársreiknings         | 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins |
| 3. Tryggingafræðileg athugun    | 7. Laun stjórnarmanna                           |
| 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins | 8. Önnur mál                                    |

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má sjá á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins [www.frjalsilif.is](http://www.frjalsilif.is)

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



512 54 01

Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...



**BOLTAGERÐ** Fjölmargir hafa þegar lagt verkefninu lið með því að búa til bolta, þar á meðal þessar konur sem mættu í boltagerð á Laufásborg í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ætla að selja 10 þúsund taubolta um helgina:

## Safna 15 milljónum fyrir barnaheimili

**FÓLK** Styrktarfélagið Sóley og félagar stendur um helgina fyrir sölu á tauboltum, en ágóðinn mun fara í byggingu nýs heimilis fyrir um 100 börn í Tógó.

Félagið hefur stutt við bakið á barnaheimili sem haldið er úti í Anehó í Tógó undanfarin ár. Að sögn Öldu Lóu Leifsdóttur hefur börnunum fjölgað mikið og heimilið er nú í bráðabirgðahúsnæði. Fyrir hendi er lóð fyrir nýtt hús, en peninga vantar. „Okkur vantar 15 milljónir, þess vegna bjuggum við til 10 þúsund taubolta sem við ætlum að selja á 1.500 krónur hvern, til að ná þessari upphæð inn.“ Tauboltinn er einnig næla, og segir Alda Lóa að fólk víðs vegar um bæinn hafi búið boltana til undanfarnar vikur.

Boltarnir verða til sölu um helgina en börn úr íþróttafélögum munu sjá um söluna. Boltarnir

### Sóley og félagar

Sóley og félagar er íslenskt styrktarfélag sem aðstoðar heimilislaus börn í Tógó. Félagið styður við bakið á starfsemi systur Vikto, sem starfar í bænum Anehó. Hún rekur barnaheimili, styður skólagöngu barna og liðsinnir eldri börnum við að afla sér frekari menntunar og til að komast út í atvinnulífið. Sóley og félagar eiga systurfélag í Tógó og vinna bæði félögin í sjálfbodavinnu og öll framlög renna beint til hjálparstarfsins.

ir verða seldir í verslunarmiðstöðvum og fyrir utan verslanir, og einnig verður gengið í hús. Þá eru frekari upplýsingar á heimasíðu félagsins.

- þeb

100.000.000  
+650.000.000

750.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:  
750 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 650 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á [lotto.is](http://lotto.is)**

VÍKINGA  
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!  
MIÐINN GILDIR 23. JÚNÍ 2010

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



Árásarmenn neituðu sök:

## Kýldu mann og brutu tennur

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Húsavík hefur ákært tvo menn fyrir grófa líkamsárás. Þeim er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. ágúst 2009, á Þórshöfn, slegið mann hnefa-höggum og sparkað í hann liggjandi. Tennur brotnuðu í fórnarlambinu, það fékk glóðarauga og áverka á hnacka.

Gerð er krafa um að árásarmennirnir rúmlega 450 þúsund í skaðabætur. Mennirnir neituðu sök við þingfestingu og fer aðalmeðferð fram síðar.

- jss

Formaður Læknafélags Reykavíkur mótmælir umfjöllun um laun lækna:

## Neikvæð og villandi umræða

**HEILBRIGDISMÁL** Steinn Jónsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, segir í grein í Fréttablaðinu í dag neikvæðar og villandi upplýsingar einkenna umræðu um laun lækna í fjölmiðlum undanfarið.

Til dæmis sé fullrytt að laun lækna hafi lækkað minna en laun annarra heilbrigðisstétta. Einnig hafi verið vakin athygli á því að laun lækna á landsbyggðinni hafi lækkað minnst. Skýringin sé hins vegar sú að stór hluti launa lækna byggist á yfirvinnu, og hún sé mest úti á landi. Þá gleymist að árið 2009 hafi læknar gefið eftir samnings-

bundna hækkun upp á 9,6 prósent.

Í grein í Læknablaðinu segir auk þess Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands, Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra hafa gefið í skyn að laun lækna séu almennt á bilinu 2-3 milljónir á mánuði. „Staðreyndin er hins vegar sú að laun lækna í 100% starfi hjá ríkinu eru í kringum ein milljón króna.“ Tíu prósent lækna hafi hins vegar tekjur hærrí en 1,5 milljónir á mánuði og aðeins rúmur tugur lækna sé með tekjur yfir tveimur milljónum.

- gb / sjá síðu 14



**FRÁ BORGARSPÍTALANUM** Laun lækna eru að stórum hluta byggð á mikilli yfirvinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SKREYTTUR ÁHUGAMAÐUR** Hann var vel skreyttur fótþolnum og öðru glingri, þessi eldheiti áhugamaður um íþróttina sem fylgdist með sjónvarpsútsendingu í Brasilíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STEYTA HNEFA** Íbúar Kjarrmóa ræða nágrannavörsluna við lögreglumann.

Íbúar við Kjarrmóa:

## Nágrannavarsla í Reykjanesbæ

**SAMFÉLAGSMÁL** Íbúar við Kjarrmóa í Reykjanesbæ hafa bundist samtökum um nágrannavörslu í samstarfi við bæjarfélagið. Munu íbúarnir fylgjast með húsum nágranna sinna þegar þeir eru að heiman og gæta eigna.

Nágrannavarsla er nú skipulögð við sex götur í Reykjanesbæ en áður hafa íbúar við Þórsvelli, Birkiteig, Sjafnarvelli, Fífudal og Lágseyli hafið slíkt samstarf.

Reykjanesbær hefur boðið íbúum sínum upp á nágrannavörslu frá því síðasta sumar. Um er að ræða samstarfsverkefni Umhverfissviðs bæjarins og forvarnadeildar lögreglunnar á Suðurnesjum.

- mþl

100 stærstu á Bretlandi:

## Iceland er í þrettánda sæti

**VIÐSKIPTI** Verslunarkæðjan Iceland heldur sæti sínu sem 13. stærsta einkafyrirtæki Bretlands á nýjum lista Deloitte yfir 100 stærstu einkafyrirtæki Bretlands. Fjallað er um listann í Sunday Times og Wales Online en höfuðstöðvar Iceland eru í Flints-hire í Wales.

Methagnaður varð af rekstri Iceland á síðasta reikningsári keðjunnar sem lauk í lok mars síðastliðnum. Veltan jókst um 9 prósent á árinu og nam tæpum 2,3 milljörðum punda.

Iceland er að mestu í eigu íslenskra aðila. Þar af heldur skilanevnd Landsbankans á 67 prósent hlut og Glitnir á 10 prósent hlut. Hagnaðurinn jókst um 12 prósent og nam 135,4 milljónum punda fyrir skatta eða um 25,5 milljörðum kr.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Ekið á kindur á Vestfjörðum

Tvö lömb drápu þegar þau lentu fyrir mótörhjól í Mjóafirði á föstudag. Ökumaður hjólsins meiddist lítillega. Alls drápu níu kindur og lömb í umferðinni á Vestfjörðum í síðustu viku.

### DÓMSMÁL

#### Skallaði framtennur lausar

Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás á árinu 2008. Hann skallaði og sló mann eftir orðaskak á Prikínu með þeim afleiðingum að framtennurnar í þeim síðarnefnda losnuðu. Hann fær 400 þúsund í skaðabætur.

## Friðlandið í Vatnsmýrinni - friðland í miðri borg

■ Málþing 24. júní kl. 10-12 í Norræna húsinu



### Dagskrá:

10.00 Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur:  
"Tilgangur friðlandsins og ástand varpfugla"

10.15 Erik Jeppesen, prófessor í vatnavistfræði:  
"Lake restoration and the possibilities of restoring the city lakes in Reykjavik"

10.40 Natalie Jeremijenko, professor við NY Háskóla:  
"Wetland: on the spectacular possibilities and environmental services of urban wetland ecosystems"

11.00 Arnaldur Schram, arkitekt:  
"Arkitektúr, vistkerfi og landslag, framtíðarsýn á friðlandið"

11.15 Umræður og spurningar úr sal



Norræna húsið  
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík  
Norraenahusid.is

Erlend myntkörfúlán og verðtryggð lán eru bæði birtingarmyndir ónýts gjaldmiðils.

## Sjúkdómseinkenni

**D**ómur Hæstaréttar, um að óheimilt sé að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, hefur í raun enn aukið á óvissuna um stöðu skuldara. Enn gæti þurft að leita atbeina dómstólanna til að fá úr því skorði hvað gerist næst; hvort þeir sem tóku myntkörfúlánin eru skyndilega miklu betur settir en aðrir skuldarar, eftir að hafa verið verst settir, eða hvort leyft verði að binda lánin við vísitölu eða þá hækka á þeim vextina og miða við lægstu óverðtryggða vexti.

Dómurinn vekur nýjar spurningar um hvernig eftirliti með fjármálastofnunum var háttáð fyrir hrun. Hvernig má það vera að útbreitt lánsform, sem æ fleiri sóttu í eftir því sem vextir hækkuðu, reyndist ólöglegt? Af hverju gripu eftirlitsstofnanir ekki í taumana – eða þá löggjafinn, sem hefði getað breytt lögum þannig að þessi eftirsóttu lán yrðu lögleg?

Burtséð frá því hvernig framhaldið verður er rétt að staldra við þá staðreynd að þeir sem fengu myntkörfúlánin hefðu aldrei fengið lán til langs tíma á jafnlágum vöxtum og um ræddi, nema með verðtryggingu af einhverju tagi. Íslenska krónan hefur reynt svo óstöðugur og óáreiðanlegur gjaldmiðill að enginn hefur viljað lána til langs tíma nema með vísitölubindingu, viðmiðun við erlenda mynt eða þá gríðarlega háum vöxtum, sem verja lánveitandann fyrir hugsanlegri rýrnun á verðgildi krónunnar. Þetta er það verð, sem almenningur hefur þurft að greiða fyrir ónýtan gjaldmiðil.

Mörgum þóttu myntkörfúlánin aðlaðandi kostur, vegna þess að með þeim fengu menn vaxtakjör svipuð og almenningi í löndum sem búa við stöðugan gjaldmiðil bjóðast. Flestir voru meðvitaðir um gengisáhættuna, en lánin voru svo miklu hagstæðari en venjuleg verðtryggð lán á íslenskum ofurvöxtum að menn töldu sig geta þolað 20-30% gengisfall. Enginn gerði ráð fyrir að erlendir gjaldmiðlar tvöfölduðust í verði við hrun krónunnar. Þegar það gerðist, voru myntkörfúlánin orðin mun síðri kostur.

Eftir Hæstaréttardóminn, sem væntanlega bætir stöðu myntkörfúlánþega, benda sumir á hlutskipti þeirra sem tóku venjuleg, verðtryggð lán og hafa mátt horfa á þau hækka um margar milljónir eftir hrun, þótt alltaf hafi verið staðið í skilum. Það fólk er fórnarlömb hruns krónunnar, ekki síður en þeir sem tóku myntkörfúlánin. Gengishrunið olli verðbólgu, sem aftur olli hækkingu lánanna.

Það er hins vegar óskiljanlegt þegar einarðir talsmenn þess að Ísland haldi áfram að búa við krónuna leggja til að verðtrygging verði afnumin. Enginn mun lána til langs tíma í íslenskum krónum nema hafa tryggingu fyrir því að fá endurgreitt í jafnverðmætum krónum og hann lánaði. Einhvers konar verðtrygging, eða þá ofurverð, verður hlutskipti okkar ef við kjósum að búa áfram við krónuna. Að halda öðru að almenningi er tóm blekking.

Aðgerðir til að mæta skuldavanda heimilanna, sem margir kalla eftir, eru í raun aðeins meðhöndlun á einkennum sjúkdómsins, sem felst í smáum og óstöðugum gjaldmiðli. Varanleg lækning fæst aðeins með því að skipta um gjaldmiðil.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.  
 Issn 1670-3871

**Nest stóllinn frá LT Collection**

Litir: Rauður, grænn, blár, hvítur og svartur.  
 Ryðfrítt stell. Ljós sessa fylgir.

Listaverð kr. 37.950,-

Kynningarverð m/25% afsl. kr. 28.460,-



Signature húsgögn Opið: Má. - Fö. 12 - 18 Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ónýtt eftirlit

Furðu sætir að hér hafi um átta ára skeið verið veitt gengistryggð lán sem reyndust vera ólögleg. Á því virðist enginn bera ábyrgð. Valgerður Sverrisdóttir var viðskiptaráðherra þegar lögin um gengistryggð lán voru samþykkt. Hún segist hafa gert sér grein fyrir að gengistryggingin hafi líklega verið óheimil en aðhafist ekkert í málinu. Hún telur að Fjármálaeftirlitið beri ábyrgð á málinu. FME segist hins vegar enga ábyrgð bera og bendir á Neytendastofu. Hvernig væri ef einhver ráðherrann sendi FME línu og bæði stofnunina um að rökstyðja tilvist sína í stuttu máli?

### Hún snýst nú samt

Pétur Blöndal er skapi næst að hætta á Alþingi. Hann segir starfið illa borgað og mannskemmandi; þingmenn séu lagðir í einelti. Fyrir hvert einasta prófkjör hvarfili að honum að hætta. „Þá skulu menn reyna að fá almennilegt fólk á þing,” segir hann. Kannski Pétur ætti bara að gera alvöru úr hótun sinni. Sjáum þá hvort jörðin heldur áfram að snúast.



### Enn þá stórasta landið

Íslendingum er stundum legið á hálsi fyrir þjóðrembu. Óviða er þjóðarstoltið bústnara en í slúðurdálknum Orðinu á götunni á Eyjunni. Þar setja menn ofan í við David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fyrir að ætla að nota aðildarviðræður Íslands að ESB til að þrýsta á að Íslendingar borgi fyrir Icesave-reikningana. „Annaðhvort hefur Cameron vonda ráðgjafa í málefnum Íslands eða er hann einfaldlega sjálfur ólás á bæði íslenska pólitík og íslenska þjóðarsál,” skrifar höfundur molans. Í hugum sumra verður Ísland greinilega alltaf nafli alheimisins.  
 bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR



## Launalækkanir í heilbrigðisþjónustu

**Kjaramál**  
 Steinn Jónsson  
 lækni og formaður Læknafélags Reykjavíkur

Á síðustu vikum hafa laun lækna verið neikvæðum og villandi upplýsingum. Nýlega var sagt frá því að meðallaun lækna hefðu lækkað um 6,9% frá síðasta ársfjórðungi 2008 meðan laun annarra heilbrigðisstétta hefðu lækkað meira. Ætlunin var greinilega að leiða rök að því að lækna láti sitt eftir liggja á erfðum tímum. Þegar málin eru skoðuð betur kemur þó annað á daginn. Samkvæmt upplýsingum frá Bandalagi Háskólamanna hafa meðallaun félaga í samtökunum lækkað um 2,5% frá septemberlokum 2008. Megnið af þeirri lækkingu mun reyndar skýrast af lækkingum meðal heilbrigðisstétta. Ef það er rétt virðist nú þegar halla verulega á starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni umfram aðra.

Nú er það vel þekkt að laun lækna byggjast að miklu leyti á vöxtum og yfirvinnu en almennir launataxtar eru ekki háir. Grunnlaun sérfræðilækna með langa starfsreynslu í kjarasamningi Læknafélags Íslands við ríkið eru nú 533.668. Ljóst er að margt háskólamenntað starfsfólk hjá ríkinu hefur hærri grunnlaun en lækna. Það liggur í eðli heilbrigðisþjónustunnar að hún fer fram á öllum tímum sólarhringsins alla daga vikunnar. Í ofangreindri frétt var vakinn sérstök athygli á því að laun lækna á

landsbyggðinni hefðu lækkað minnst. Skýringin á því er líklega sú að þeir hafa mesta vaktalag allra lækna í landinu. En það raunverulega ætlunin að skerða verulega greiðslur fyrir vaktir lækna? Hvaða áhrif ætli það hefði á heilbrigðisþjónustuna?

Fyrir nokkru var því haldið fram að greiðslur Sjúkratrygginga Íslands vegna sérfræðisþjónustu hefðu farið 700 milljónum króna fram úr áætlun árið 2009. Þessar greiðslur byggja á gildandi samningum um sérfræðilækniþjónustu við sjúkratryggða á Íslandi sem löng hefd er fyrir og tryggja jöfnuð og aðgengi óháð efnahag. Hið rétta varðandi fyrrgreinda fjárhæð er að við fjárlagagerð hafði láðst að tryggja fjármagn til að uppfylla þann samning sem gerður hafði verið milli Sjúkratrygginga og Læknafélags Reykjavíkur. Í umfjöllun fjölmiðla var hins vegar ekkert um það rætt að á árinu 2009 gáfu lækna eftir 9,4% samningsbundna hækkingu sem jafngildir sparnaði fyrir þjóðfélagið uppá 486 milljónir króna á ári.

Þjóðfélagið stendur frammi fyrir miklum fjárhagsvanda og brúa þarf stórt fjárlagabil. Lækna munu ekki víkja sér undan því að taka sinn þátt í að leysa þann vanda. Það verk verður þó að byggja á sátt og samgírni og umræðan á staðreyndum en ekki áróðurskenndum uppláupum.

# Almennra aðgerða er þörf

## Efnahagsmál

### Eygló Harðardóttir

Þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í viðskiptanefnd og samræmingarhópi um skuldavanda heimilanna



Í vikunni kemur Alþingi Íslendinga saman á ný. Helstu verkefni þingsins verða að vera aðgerðir til bjargar heimilunum í landinu. Hér dugar ekkert fum og fát, doði eða seinangangur líkt og einkennt hefur aðgerðir núverandi ríkisstjórnar. „Þetta skrifaði ég fyrir tæpu ári síðan, þegar Alþingi kom aftur saman haustið 2009. Þessi orð eiga því miður enn fullan rétt á sér nú þegar Alþingi kemur saman til að afgreiða lagafrumvörp til aðstoðar heimilunum.



Vandinn hefur ekki verið að heimilin hafi ekki skilið úrræði ríkisstjórnarinnar, heldur eru þau óréttlát og sýna skilningsleysi stjórnvalda á örvæntingu almennings.

Fum, fát, doði og seinangangur hafa einkennt ríkisstjórnina er kemur að skuldamállum heimilanna. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa einfaldlega verið í afneitun um nauðsyn þess að grípa til almennra aðgerða til aðstoðar heimilunum í landinu. Fullt er að ráðherra sem fer með efnahags- og viðskiptamál hafi lagst gegn aðgerðum fyrir heimilin og vísað nánast gjaldþrota einstaklingum á dómstóla landsins ef þeir hefðu eitthvað við aðgerðir, eða aðgerðaleysi fjármálaframtækja og stjórnvalda að athuga.

### Þannig virkaði skjaldborg ríkisstjórnarinnar

Lengi vel virtust einu úrræði ríkisstjórnarinnar vera að lengja tíma-bundið í hengingaról heimilanna. Sértek skuldaaðlögun var nánast brandari þar sem enginn hvati var fyrir kröfuhafa að semja við heimilin, framkvæmd laga um greiðslu-

lögun seinleg og óskilvirk og enginn veit hvað á að gera við upphæðirnar sem safnast nú upp á greiðsluöfnun-arreikingum.

### Bútasamur stjórnarinnar

Helstu tillögur ríkisstjórnarinnar ganga út að bæta þau lög sem þegar hafa verið samþykkt. Greiðsluáðlögun á að verða skilvirkari, gjaldþrot huggulegra og umboðsmaður skuldara tekur við hlutverki ráðgjafastofu heimilanna við að leiðbeina heimilunum í þann frumskóg úrræða sem stjórnvöld hafa skapað. Stjórnarliðar hafa einnig lagt áherslu á að kynna þessi úrræði vel, því að þeirra mati er greinilegt að heimilin hafa bara ekki skilið snilld þeirra.

Vandinn hefur ekki verið að heimilin hafi ekki skilið úrræði ríkisstjórnarinnar, heldur eru þau óréttlát og sýna skilningsleysi stjórnvalda á örvæntingu almennings.

### Frumkvæði Framsóknar

Framsóknarmenn hafa talað fyrir því að vandi íslenskra heimila og fyrirtækja sé fyrst og fremst gífurlegur skuldavandi. Vandinn er það mikill að til að takast á við hann duga ekkert annað en almennar aðgerðir. Í efnahagstillögum flokksins sem kynntar voru í febrúar 2009 var lagt til að svigrúm bankanna vegna niðurfærslu lána yrði nýtt til varanlegrar leiðréttingar á höfuðstól þeirra. Samhliða yrði gripið til sértekra aðgerða vegna þeirra sem voru í mestum vandræðum.

Í ljósi nýlegrar greinar Helga Hjörvars, formanns efnahags- og skattanefndar um sanngjarnar skuldaleiðréttingar, tel ég að mögulegt sé að ná þverpólískri sátt um almennar aðgerðir vegna húsnæðislána. Húsnæðislán heimilanna eru hjá þremur aðilum: Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum og fjármála-fyrirtækjum. Íbúðalán viðskipta-

bankanna hafa þegar verið flutt yfir í nýju bankana með tugmilljarða króna afslætti. Dómur Hæstaréttar og sú niðurfærsla sem hefur þegar farið fram ætti að taka á leiðréttingu svokallaðra erlendra lána. Þá standa eftir íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir.

### Fjármögnun aðgerða

Nýleg viðskipti Seðlabankans við lífeyrissjóðina með Avens skuldbréfin hafa gefið lífeyrissjóðunum svigrúm til að færa niður íbúðalán sín um allt að 10-15%. Seðlabankinn hagnaðist einnig á þessum viðskiptum og því mætti láta þann hagnað renna til íbúðalánasjóðs til niðurfærslu á lánasafni sjóðsins. Það mun hins vegar ekki duga til þar sem meginhluti húsnæðislána Íslendinga er hjá Íbúðalánasjóði og því mætti skoða ýmsar leiðir til að fjármagna þá niðurfærslu. Formaður efnahags- og skattanefndar bendir t.d. á hærra vaxtamun, skattlagningu á sér-eignasparnaði og sérstaka bankaskatta. Einnig mætti fara í útgáfu á nýjum skuldabréfaflokki líkt og sérfræðingar í málefnum íbúðalánasjóðs hafa bent á.

Í almennum aðgerðum liggur mesta réttlætið. Allir sitja við sama borð og fá sömu niðurfærsluna miðað við tegund viðkomandi láns. Þeir sem telja sig ekki þurfa niðurfærslu geta hafnað henni og íslenska ríkið notað skattkerfið til að jafna stöðu manna á grundvelli eigna og tekna. Auknar skatttekjur vegna niðurfærslunnar og aukinnar samneyslu væru svo nýttar til að auka við eigið fé bankanna, íbúðalánasjóðs eða til að rétta af stöðu ríkisins.

### Þjóðarsátt er nauðsyn

Það er nauðsynlegt að leita þjóðarsáttar. Þjóðarsátt gengur út á að gera sér grein fyrir að við erum öll í sama báti. Enginn getur fengið allt sem hann vill, hvorki fjármála-fyrirtækin né heimilin, atvinnurekendur eða verkalýðurinn, stjórn eða stjórnarandstaða.

Tími er til kominn að stjórnmalamenn og hagsmunaaðilar komi sér saman um alvöru þjóðarsátt – fyrir okkur öll.

## AF NETINU

### Eina réttlætispólítíkin

„Skuldir þarf að greiða. Það er ekki sanngjarnt að skuldari losni við að borga skuld sína vegna þess að þá þarf næsti maður að borga hana. Það er ekki fallið til vinsældar, en eina réttlætispólítíkin er að styðja þá beint og rösklega sem eiga um sárast að binda, og hjálpa hinum að hjálpa sér sjálfir með lausnum og úrræðum sem eru sanngjarnar og ábyrgar. Til lengdar læra menn að vara sig á þeim sem lofa Paradís á jörðu – sem í einkennilega mörgum tilvikum eru þeir sömu fyrir hrun og eftir hrun.“

[blog.eyjan.is/mordur/](http://blog.eyjan.is/mordur/)

Mörður Árnason

### Enginn lánar ótryggt

„Verðtrygging var innleidd til að lán fengjust endurgreidd í sömu verðmætum og þau voru tekin. Án verðtryggingar á verðbólguáttum hefðu engir fengið til að lána neitt. Hér var verðtrygging áratugum saman. Gengistrygging er önnur leið að sama marki, aðeins nokkurra ára gömul. Síðlaust er, að lánveitendur fái ekki fé sitt til baka. Kannski löglegt að mati Hæstaréttar. Sumir segja, að gamlir síðir gildi ekki í bankahruni. Málsaðilar eigi því að skipta með sér tjóninu, til dæmis til helminga. Aðrir segja, að hrunið sé bönkunum að kenna og að þeir megi fara á hausinn. Eða á ég sem skattgreiðandi að borga?“


[jonas.is](http://jonas.is)

Jónas Kristjánsson

## SIEMENS

Nú eru allar Siemens ryksugur á tilboðsverði.

Líttu inn og gerðu góð kaup!



**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

Jónsmessa er á morgun



Fagnaðu Jónsmessu með BKI kaffi  
Jónsmessa eru á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

### Jónsmessa er skírnarhátíð Jóhannesar skírarar sem er talið að hafi fæðst um sex mánuðum á undan Jesú Kristi.

Þannig tengist Jónsmessa að nokkru leyti sumarsólstöðum en aðfangadagur vetrarsólstöðum þar sem fæðingar þeirra beggia tengjast fornum sólstöðuhátíðum.

Jónsmessa er á Íslandi miðsumarshátíð og þá er nóttin björt og jafnan talin ein magnaðasta nótt ársins. Á Jónsmessu þykir til síðs að dansa og sumir velta sér naktir upp úr næturdögginni en slíkt á að vera sérlega heilnæmt.

Fyrir þá jarðbundnari þá má hella upp á hressandi BKI kaffi og halda svo út í náttúruna og tína holl grös.

Njóttu þín vel á Jónsmessu með rjúkandi BKI Kaffi. Njóttu magnaðrar nætur með hæfilegu magni af BKI kaffi.

### BKI Classic

Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lókkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



### BKI Extra

Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir Jónsmessu





## SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

stendur þessa viku fyrir veglegri og fjölbreyttri dagskrá í Heiðmörk í tilefni af 60 ára afmæli þessarar útivistarperlu.


# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.



Gunnar Ólafsson jarl tryggði sér sérnúmerið Viking árið 1996 og var sá þriðji í röðinni þegar fyrst var gefinn kostur á sérnúmerum á bíla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Leitar falinna fjársjóða

Margir reka upp stór augu þegar þeir sjá kunnulegan peningabíl útrásarvíkinga fara um landið með bílnúmeri sem á stendur Viking, en ekki er allt sem sýnist og göfugir víkingar í landnámi nú við stýrið.

„Þessi bíll verður framvegis notaður til innrása en ekki útrása þótt fenginn sé úr peningaflutningum útrásarvíkinga Kaupþings,“ segir Gunnar Ólafsson, formaður og jarl Einherja, Víkingafélags Reykjavíkur, um nýjan bílakost félagsins sem er 8 strokka Ford Econoliner af fínustu sort, enn angandi af peningalykt síðan Kaupþing notaði hann til fjármagnsflutninga.

„Þetta er sendibíll eins og við þurftum fyrir okkar hafurtask; rúmgóður fyrir víkingatjöld, sverð og skildi, og eyðir vel af bensíni. Inni í honum er einhvers konar kista en ég á enn eftir að kanna betur hvort í henni leynast faldir fjársjóðir,“ segir Gunnar og strýkur af númeraplötunni; einkanúmerinu Viking.

„Það muna margir eftir þessum bíl síðan í góðærinu og tengja hann útrásarvíkingum, en nú nota hann

alvöru víkingar til stærri hugsjóna. Við Sveinn Hjörtur Guðfinnsson rekum ferðaþjónustuna Landnámsferðir og höfum síðastliðin ár farið með fólk á söguslóðir víkinga þar sem við gerum söguna lifandi. Víkingabíllinn hefur því verið á ferð um allt land í sumar og safnað liði víkinga í öllum landsfjórðungum,“ segir Gunnar sem með Einherja mun standa fyrir glæstri víkingahátíð í samvinnu við Reykjavíkurborg á Miklatúni næsta sumar.

„Það er tímabært að Reykvíkingar haldi sína eigin víkingahátíð og staðsetningin tilvalin, enda þýðir Miklatún Grand Park á ensku og hátíðin Grand Viking Festival. Þar ætlum við að lyfta víkingamenningu á hærra plan og bjóða upp á stærri víkingabardaga en áður þekktist, þótt við ætlum ekki að skera neinn á háls og hafa fjölskylduna niður í minnstu börn í

huga,“ segir Gunnar sem hefur verið ötull talsmaður víkinga á erlendri grund, þar sem móttökur eru höfðinglegar.

„Úti er tekið mót íslenskum víkingum með viðhöfn, því við tölum víkingamál og hér gerast sögur víkinga. Fólk þegir því þegar við tölum og er upp með sér yfir að kynnast víkingum með íslensk víkinganöfn,“ segir Gunnar sem áfram ætlar að efla víkingavitund Íslendinga.

„Að vera víkingur nú á tímum er að upplifa stoltið sem í því felst. Það vantar allt stolt í Íslendinga og þeir þurfa að vera meðvitaðir um uppruna sinn. Þótt við höfum tapað einhverjum peningum eigum við enn landið og söguna, og við eigum skilyrðislaust að vera rífandi stolt af sjálfum okkur, enda komin af víkingum sem er glæstur uppruni.“

thordis@frettabladid.is



friendtex

## ÚTSALA

Kíktu, það borgar sig!

Opið mánud. – föstud.  
frá kl 11 – 18  
Lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex,  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



## Jeppadekk



-15%

afsláttur  
jeppadekkjum!

## Smurþjónusta

-15%

afsláttur  
af vinnu við smur!



**BÍLKÓ**

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins



Guðni Guðbergsson fiskifræðingur við Úlfarsá eða Korpu, eins og stundum er nefnd. Hann segir ár innan borgarinnar bera þunga mannlífs, iðnaðar og umferðar, en sífellt sé leitað betri lausna til að sleppa þeim við hvers kyns mengun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Göngufiskar í vatnsvanda

Vatn í veiðiám suðvestanlands er með minnsta móti og enn ófyrirséð hvernig veiðitímabilið fer í sumar vegna þessa, að sögn Guðna Guðbergssonar, fiskifræðings hjá Veiðimálastofnun.

„Vatnsrennsli í ám suðvestanlands er nú með minnsta móti en þar kemur tvennt til; líttill snjór í vetur og þurrt veður framan af vori,“ segir Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur hjá Veiðimálastofnun. Hann segir óvíst hvernig veiðitímabilið fari í sumar því lax og sjóbirtingur sé rétt nýbyrjaður að ganga upp í árnar.

„Um þetta leyti eru seiði að vaxa og hrogn að klekjast út í ánum, sem er undirstaða næstu árganga og ef vatn verður mjög lítið geta uppeldissvæði farið á þurrt og önnur minnkað. Það hefur svo áhrif á framleiðsluna þegar fram í sækir. Eins geta fiskar fært sig til tíma bundið þegar vatnsrennsli er lítið, sem og fæðute Gundir sem þeir lifa á,“ segir Guðni og bætir við að lítið vatnsrennsli geti tafið göngur göngufisks, ekki síst í vatnlitlum ám og hliðarám, sem svo hafi áhrif á veiði.

„Tíðarfar hefur verið svipað undanfarin þrjú ár og mikið um austlægur, þurrar áttir. Í ár bætist við að miklu minna var um snjókomu og því mun minni snjóbanki í fjöllum sem eftir á að bráðna. Af þeim sökum er nú sérstaklega lítið í ánum, eins og sjá má á Ölfusá sem er yfirleitt straupung og vatnsmikil en með sýnilega minna rennsli en venjulegt er.“

Fleiri þættir hafa áhrif á fisk-

gengd en bara vatnsmagn því í heitu veðri minnkar súrefnisinnihald vatns þegar rennsli lækkar.

„Súrefnisinnihaldið eykst svo aftur þegar rignir og þá á fiskurinn auðveldara með að ganga. Veiðihorfur þurfa þó ekki að verða verri, en fiskur þarf vatn til að geta gengið og súrefni örvar hann á göngunni. Sem betur fer eru nokkrir árgangar af seiðum í ánum á hverjum tíma, en áframhaldandi vatnsleysi getur vissulega farið að hafa áhrif á smærri árnar.“

Að sögn Guðna hafa kuldatímabil meiri áhrif á fiskgengd en hitatímabil og á kuldatímum kringum 1980 hafi fiskar vaxið hægt í ám og veiðitölur verið lægri.

„Ég man ekki eftir þurrtatímabilum sem þessum áður, svo erfitt er að segja hver áhrifin verða til lengri tíma. Þótt enn sé þurrt er veiði farin af stað og menn frekar ánægðir þar sem þeir eru byrjaðir. Því hefur mér stundum fundist of lítið eða mikið vatn og sól hafa meiri áhrif á veiðimenn en fiska,“ segir Guðni og brosir í kampinn.

Spurður um áhrif öskufalls og öskufjúks í veiðiár segir Guðni sérfræðinga Veiðimálastofnunar hafa gert mæling-

ar eystra eftir öskuflóðin í Markarfljóti og Svaðbælisá, sem teljast reyndar ekki með veiðiám.

„Þar fundust dauðir fiskar eftir að fast efni blandað gosefnum ruddist gegnum árnar og gerði þær ólífvenlegar um tíma, en þar var staðbundið alvarlegt ástand. Ég var smeykur þegar rigna fór að hættuleg efni færu út í árnar, en slík mengun fer eftir efnainnihaldi og mér ekki kunnugt um að suðvestanlands hafi fundist dauðir fiskar í öðrum ám eftir gosið. Fiskar eru raunar góður mælikvarði á mengun og viðkvæmir fyrir henni, en það eru líkur á að þeir drepist áður en eitrefni hleðst upp í holdi þeirra sem óhollt er mönnum. Á þar sem menn finna náttúrulega laxastofna er mælikvarði á að lífríki sé í nokkuð góðu standi því annars gefast fiskarnir upp á endanum og deyja, eins og þekkt er í Rín, sem var mesta laxveiðiá Evrópu og Thames þar sem fiskar hafa gefist upp og horfið. Þá er ekki þar með sagt að menn viti eða þekki alla hluti, en þetta virðist vera í lagi vegna gossins.“

thordis@frettabladid.is



Garðyrkju- og blómasýningin 2010

# BLÓM Í BÆ

Hveragerði 25. – 27. júní

**Blómleg og lifandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna!**

Garðplöntusýning  
Leiktæki fyrir börnin  
Laukaball

Mat- og kryddjurtir  
Egg soðin í bullandi hverum  
Bærinn skreyttur

Sýningin er opin:  
Föstudaginn 25. júní kl. 12.00 – 20.00  
Laugardaginn 26. júní kl. 12.00 – 18.00  
Sunnudaginn 27. júní kl. 12.00 – 18.00

**Aðgangur ókeypis alla dagana!**

[www.blomibae.is](http://www.blomibae.is)

**Blóm í skóm!**

Samkeppni um blómaskreytingu í skóm.

Notaðu imyndunaraflíð og skreyttu stígvél eða skó og komdu með þau á sýninguna.

Skilafrestur í íbrottahúsið til kl. 19:00 föstudaginn 25. júní.

Vegleg verðlaun í boði Garðheima.

**Kerið fallega!**

Keppni í sampottun

Komdu með fallegasta keríð úr garðinum á sýninguna.

Skilafrestur í íbrottahúsið til kl. 19:00 föstudaginn 25. júní.

Vegleg verðlaun í boði Garðheima.



Steinasafn Petru á Stöðvarfirði er spennandi áfangastaður þar sem stórbrotnar gersemar náttúrunnar eru geymdar á fögrum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

# Séð með auga gestsins

Nú gefst Íslendingum á besta aldri tækifæri á að fara skemmtilega og fræðandi hringferð um Ísland, en ferðin er sú allra vinsælasta meðal erlendra ferðamanna um landið, að sögn Hildar Jónsdóttur hjá Vita.

„Okkur fannst kominn tími til að bjóða Íslendingum á besta aldri í sömu ferðir og hafa verið uppseldar hjá okkur ár eftir ár hjá erlendum ferðamönnum, og gefa þeim tækifæri á að upplifa land sitt og náttúru með augum erlendra jafnaldranna sinna sem heimsótt og heillast hafa af landinu í gengum tíðina,“ segir Hildur Jónsdóttir hjá Vita um skemmtilega og fræðandi hringferð sem farin verður um Ísland 22. júlí. Innifalinn er íslensk leiðsögn, gisting í sex nætur á hótelum, þriggja rétta kvöldverðir, sameiginlegur morgunverður fyrir ferðir, bátsferð á Jökulsárlóni, Steinasafn Petru, Laufás, Víðimýrarkirkja og kvöldvökur. „Íslendingar eru óvanir skipu-



Hildur Jónsdóttir hjá Vita kynntist landi sínu upp á nýtt sem fararstjóri með erlenda ferðamenn um Ísland.

lögðum hringferðum um land sitt og munu örugglega uppgötva það á alveg nýjan hátt. Það þekki ég eftir að hafa verið leiðsögumaður til margra ára með erlenda ferðamenn um Ísland þar sem ég fékk góða sýn á landið með augum ferðamannsins. Við Íslendingar ferðumst oft frá einum stað til annars án þess að stoppa og förum á mis við svo margt fallegt og spennandi á leiðinni, en með augum gestsins verður upplifunin ný og öðruvísi; maður gefur sér tíma til að staldra við og horfa í kringum sig, og skilur að Ísland er alls ekki veðurháð því töfrarnir eru alltaf jafn heillandi þegar landið breytir um svip hverju sinni.“

thordis@frettabladid.is

# Hvalaskoðun og fjörugt fuglalíf

Hvalaskoðun er vinsæl skemmtun ferðamanna og hægt að skreppa í hvalaskoðunarsiglingu víða um land, meðal annars frá Húsavík.



Siglt með ferðamenn til hvalaskoðunar frá Húsavík. MYND/E.ÓL

Boðið hefur verið upp á hvalaskoðun frá Húsavík allt frá árinu 1995 þegar Norðursigling hóf að sigla með ferðamenn út á Skjálfaflóa til að skyggjast eftir hvólum.

Fyrirtækið hefur gert upp gamla íslenska eikarbáta og þann 15. júní síðastliðinn var báturinn Garðar sjósettur eftir veru í slipp með nýtt mastur. Vinnu við bátinn er þó ekki lokið og sigldi hann einn hring um höfnina áður en hann lagðist aftur að bryggju en áætlað er að sigla með ferðamenn á honum í sumar. Eins er von á skonnortunni Hildi fljótlega til Húsavíkur og geta þá

ferðamenn horft eftir hvólum af þilfari hennar.


Algengustu tegundirnar sem sjást í hvalaskoðunarferðum frá Húsavík eru hrefna og hnúfubakur en eins geta ferðamenn notið fuglalífsins sem þrífst á eyjunum Lundey og Flatey á Skjálfaflóa.

Sjá nánar á vefsíðunni [www.nordursigling.is](http://www.nordursigling.is). - rat



Hvalaskoðun getur verið stórkostleg upplifun.

## Sýningarsvæði og uppákomur



- A Listigarður**  
Garðplöntusýningarsvæði og blóma-skúlpturnar.
- B Markaður og dagskrá á sviði**
- C Ípróttahús**  
Blómasýning af afskornum blómum og potta-plöntum. Fyrirtæki kynna starfsemi sína.
- D Salurinn í grunnskólanum**  
Fræðslufyrirlestrar um garðyrkju.
- E Barnaheimar BYKO**  
Á barnasvæðinu verður boðið upp á ýmsa skemmtun fyrir börnin sem tengist sól og sumri.
- F Hveragarðurinn**  
Í Hveragarðinum er boðið upp á leir- og hverafótaböð. Egg soðin í bullandi hverum og landnámshænur á vappi.
- G 125 ára afmælishátíð GÍ**
- H Smágarðar**  
Sýning á smágörðum úr smágarðasamkeppni Félags íslenskra landslagsarkitekta og Hveragerðisbæjar frá 2009. Landslagsarkitektar kynna starfsemi sína.
- I Blómaskreytingar**  
Frumlegar skreytingar frá félagi blómaskreyta.
- J Garðasúpa**  
Íbúar á eftirtöldum stöðum bjóða gestum og gangandi upp á súpu. Í Bröttuhlíð 4, Lyngheiði 1, Kambahrauni 10, Grænumörk 1, Laufskógum 40 og Hraunbæ 20. Allir velkomnir!
- S Strætó**  
Strætóferðir frá bílastæði að sýningarsvæði, laugardag og sunnudag frá kl. 13-17

**Rafstilling ehf**

Startarar  
Alternatorar

Viðgerðarþjónusta  
Varahlutir

Flottar og ódýrar  
bilaperur

Heimilis LED perur  
white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4001

**Geymslu-  
og dekkjahillur**

í bílskúrinn,  
geymsluna,  
heimilið  
og fyrirtækið

kr.15.990.-  
viðbótareining kr. 10527.-

Þessar hillur geta allir sett saman  
Skrúfufritt og smellt saman

**Ísold ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

**ÚTIVIST**  
Laugavegi 178 • Sími 562 1000  
www.utivist.is

**Jónsmessuhátíð  
í Básunum 25.-27. júní**  
**Básar eru betri**

Skráning í síma  
562 1000

**ALLT TÍSKA**  
Fimmtudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir  
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir  
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
thordish@365.is - sími 512 5447



Gamli Garðskagaviti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Miðnæturanga um Garðskaga

Ferðafélag Íslands stendur fyrir Jónsmessugöngu fimmtudagskvöldið 24. júní. Áætlað er að ganga frá Stafnesi að Garðskaga.

Jónsmessuganga fjörulallans - fjögurra vita ganga að Garðskaga fer fram annað kvöld. Gengið verður frá Stafnesvita að Garðskagavita en mæting er á miðnætti við Garðskagavita. Þaðan verður göngugörpum ekið að Stafnesvita og gengið til baka.

Áætlað er göngunni ljúki við Garðskagavita um klukkan 5 næsta morgun og verður boðið upp

á morgunverð á Flösinni og hægt að láta göngubreytuna líða úr sér í heitum potti.

Reynir Sveinsson, Pétur Brynjarsson, Þorvaldur Friðriksson og Ásgeir Hjálmarsson sjá um leiðsögn meðan á göngunni stendur og segja frá ýmsu fróðlegu sem ber fyrir augu.

Þátttakendur mæta á eigin vegum að Garðskagavita en hægt verður að sameinast í bíla við skrifstofu FÍ Mörkinni 6 klukkan 22.30 á fimmtudagskvöld. Þátttökugjald greiðist á staðnum en nánari upplýsingar um ferðina má finna á heimasíðu Ferðafélagsins, www.fi.is

## Eldgos og hraunfossar

Út er komið dagatal fyrir árið 2011 með myndum frá eldgosinu í Eyjafjallajökli.

Eldgosið á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli og ægífögur náttúran allt um kring prýðir dagatal með ljósmyndum eftir Vilhelm Gunnarsson sem kom út á dögnum.

Mánaða- og dagaheiti eru á sex tungumálum á dagatalinu, það er að segja íslensku, ensku, þýsku, frönsku, ítölsku og einnig spænsku.

Dagatalið, sem er einfaldlega merkt Eyjafjallajökull 2011, fæst í öllum helstu bókaúðum og ferðamannaverslunum víðs vegar um landið.

- kg



Myndir af Eyjafjallajökli prýða dagatalið.

BEINT FLUG FRÁ KEFLAVÍK

# TALLINN & RIGA

Við getum nú boðið hinar fallegu miðalda og menningaborgir Tallinn og Riga á ótrúlegum kjörum í beinu flugi frá Keflavík

Brottfarir til Tallinn í Eistlandi:  
12.- 20. júlí, 12.-16. júlí,  
16.- 20. júlí

Flug með skatti 34.990 kr.  
fá sæti laus  
Flug og hótél  
12.-16. júlí og 16.-20. júlí  
52.310 kr. per mann í 2ja manna herbergi.  
12.-20. júlí, flug og hótél  
69.900 kr. per mann.  
fá sæti laus

Brottför til Riga í Lettlandi:  
Flug með skatti 32.990 kr.  
17.- 22. ágúst, 2 sæti laus  
Flug og hótél, rúta, fararstjóri  
63.900 kr. per mann.  
16.- 24. ágúst, laus sæti  
Flug og hótél, rúta, fararstjóri  
64.900 kr. per mann.

**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900  
www.transatlantic.is

### TVEIR STÓRGÓÐIR !!



teg. SPLENDOUR - mjög flottur í  
B,C,D skálum á kr. 7.680,-



teg. SPLENDOUR - og fyrir stærri  
barminn í D,DD,E,FF,G skálum á  
kr. 7.680,-

*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070  
Sími 551 3366.

Opið mán.-fös. 10-18,  
Lokað á laugardögum í sumar  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is

f Vertu vinur f

# B|A|S|L|E|R

## ÚTSALAN HAFIN!

Skipholti 29b • S. 551 0770

*Parisar*  
TÍZKAN  
Tízkuhús, stofnsett 1963

# sumar og börn

MIÐVIKUDAGUR 23. JÚNÍ 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN




## Reiðskóli Reykjavíkur

Námskeið í allt sumar og skráning í fullum gangi á [www.reidskoli.is](http://www.reidskoli.is) og s: 692 0889



### ● TÓNLIST OG TEXTAR VIÐ ALLRA HÆFI



Börn kunna vel að meta góða tónlist og því tilvalið að hafa nokkra geisladiska meðferðis í sumarbústaðinn eða ferðalög almennt í sumar. Nýverið kom út diskurinn Meira Pollapönk sem hefur að geyma fimmtán lög sem taka á málum sem bæði börn og fullorðnir velta fyrir sér og gæti stýtt þeim stundir í sumar. Diskurinn kemur úr smiðju hljómsveitarinnar Pollapönks sem er hugarfóstur vinanna og leikskólakennaranna Haraldar Freys Gíslasonar og Heiðars Kristjánssonar, en markmið þeirra er að búa til tónlist og texta sem bæði börn og fullorðnir geta haft gaman af.

### ● UMFERÐARÖRYGGI

Alltaf er gott að brýna reglulega fyrir börnum og ungmennum að fara varlega í umferðinni, en á heimasíðu Umferðarstofu er að finna alls konar fróðleik sem tengist umferðaröryggi með sérstöku tilliti til barna og ungmenna í umferðinni. Sjá [www.us.is](http://www.us.is).



Ferðirnar eru fyrir nýfædd börn upp í unglunga um tólf ára aldurinn.

MYND/GUÐRÚN SELMA STEINARSDÓTTIR

## Sjá náttúru, steina og tré

Ferðafélag barnanna var stofnað síðasta sumar og er nú ýmislegt á döfinni.

„Við erum að keyra á aðeins meiri krafti í sumar og setjum meira púður í starfið,“ segir Guðrún Selma Steinarsdóttir, starfsmaður Ferðafélags barnanna. „Þetta er félag til að halda utan um það að börn tengist náttúrunni og fái að upplifa hana á sinn hátt. Þetta er ekki endilega spurning um að komast á toppinn heldur frekar að sjá náttúruna og hvað hún hefur upp á að bjóða. Einnig til að virkja fjölskyldufólk til að taka þátt í útvist og ferðalögum.“

Guðrún segir að Ferðafélag barnanna sé hugsað fyrir nýfædd börn og upp í unglunga um tólf ára aldurinn. Skráning í félagið gengur vel að sögn Guðrúnar en í kringum hundrað börn og unglingar eru nú þegar skráð. „Ferðirnar eru sniðnar að þörfum barna. Þetta verður algjört fjör.“



Guðrún segir fjölbreyttar ferðir í boði fyrir börn hjá Ferðafélagi barnanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrún segir að Ferðafélag barnanna fari í ferðir allt árið og að þær séu fjölbreyttar. En hvernig ferðir eru þetta? „Þetta eru fuglaskoðunarferðir, fjöru-

ferðir og svo vorum við með álfa- og trölluferð um síðustu helgi, seinna förum við í fjölskylduferð á Laugavegin og unglingar fara á Hornstrandir, í haust verður svo berja- og fönðurferð, aðventuferð og blysför um jólin.“ Hún getur þess að í dag verði farið á Esjuna með börnin á bakinu.

Guðrún segir að ferðunum sé skipt niður í þrjá flokka fyrir mismunandi aldur. „Veita þarf aldri barnanna og unglunganna sérstaka athygli. Athafnaþrá er til dæmis í blóma á aldrinum sex til níu ára,“ útskýrir Guðrún og heldur áfram: „Það þarf að passa þegar um börn er að ræða að þau verði aldrei svöng, aldrei kalt og ekki leið. Þau verða að hafa eitt-hvað fyrir stafni og við erum til dæmis með leiki. Við ætlum að skoða það sem við sjáum á leiðinni, hvernig steinarnir og trén eru.“

Nánari upplýsingar má finna á [www.allirut.is](http://www.allirut.is).

-mmf



Pætur Ester og Anna Hildur ætla að nota tímann vel til leikja og ferðalaga í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Leikjanámskeið og fótþolti í sumar

Vinkonurnar Auður Ester Gestsdóttir og Anna Hildur Björnsdóttir, tíu ára, eru með plönnin á hreinu í sumar. „Ég ætla að fara með Val á fótþoltamót á Siglufirði, en fyrst fer ég til Akureyrar þar sem ég á fullt af vinkonum og við ætlum að leika okkur saman,“ segir Auður Ester og eftirvæntingin skín úr andlitinu. Anna Hildur ætlar hins vegar í Vindáshlíð, þar sem KFUM og KFUK eru með árlegar sumar-

búðir og leikjanámskeið. „Ég hef aldrei komið þangað,“ getur hún og Auður Ester grípur þá af henni orðið. „Það hef ég gert. Það var mjög gaman.“ Frítímanum í sumar ætla þær að verja að mestu í útiveru og leiki. „Okkur finnst rosalega gaman í París og náðum meira að segja að komast upp í 500,“ segja þær en viðurkenna þó með bros á vör að kannski verði stolist í eins og einn og einn tölvuleik. -rve

## Vatn og vellíðan á Höfn

Hressandi sundsprettur er endurnærandi fyrir alla í fjölskyldunni á ferðalagi um landið. Á Höfn í Hornafirði er ný sundlaug með rennibrautum og vaðlaug fyrir krakkana.

„Hér í vaðlauginni eða barnalauginni hjá okkur er trúður og slanga og lítill rennibraut. Þar safnast fjölskyldurnar saman og njóta vel,“ segir Haukur Helgi Þorvaldsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja á Hornafirði.

Sundlaugin á Höfn, sem tekin var í notkun í apríl í fyrra er 25 metra löng og eru tveir heitir pottar á laugarbakkanum. Annar potturinn er með nuddi og er einnig hægt að bregða sér í gufubað. Þrjár rennibrautir eru í lauginni sem búið er að nefna eftir fisktegundum sem veiddar eru á Höfn. Bláa rennibrautin, sem er um það bil fimm metra há, heitir Kuðungurinn, rauða rennibrautin heitir Humarinn og sú gula Lúran. „Svo ætlum við að nefna vaðlauginna hornsílið,“ bætir Haukur við



Rennibrautirnar hafa verið nefndar eftir fiskitegundum sem veiddar eru á Höfn, það er að segja Humarinn, Kuðungurinn og Lúran.

MYND/ÚR EINKASAFNI

og segir aðsóknina í laugina hafa verið mjög góða.

„Með skólasundi hafa um 77.000 gestir sótt laugina frá því við opnuðum. Gestir geta keypt hér kaffi og kakó eftir sundsprettinn og Ungmennafélagið Sindri selur drykki fyrir börnin. Eins er stutt

í leiksvæði og verslanir en sundlaugin er staðsett hér í hjarta bæjarins. Hér er því tilvalið fyrir fjölskyldufólk á ferðinni að koma við.“

Sundlaugin á Höfn er opin virka daga frá klukkan 6.45 til 21 og um helgar frá klukkan 10 til 19. -rat



**AFS á Íslandi**





**HVAÐ SEGIR ÞÚ UM NÝJAN FJÖLSKYLDUMEDLIM?**  
 Það er gefandi reynsla að taka að sér unglíng af erlendum uppruna og kenna íslenska síði og venjur í 10 mánuði. Á hverju ári eru fjölmargar fjölskyldur sem nýta sér tækifærið!

**VISSIR ÞÚ AÐ...**  
 ... í Ekvador býr lítill ekvadorsk hnáta sem heitir Dýrleif? Faðir hennar var skiptinemi hér á landi og skírði frumburðinn í höfuðið á íslensku „mömmu“ sinni.

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • [www.afs.is](http://www.afs.is) • [fjolskylda@afs.is](mailto:fjolskylda@afs.is)

# VELKOMIN Á BRÁKARHÁTÍÐ Í BORGARNESI 26.JÚNÍ 2010



## DAGSKRÁ

**Búningagerð fyrir börnin í  
Menntaskóla Borgarfjarðar**

10:00 - 12:00

**Brákarhlaup frá Granastaðatúni**

- 10 km og 2,5 km. Skráning  
á [landnam@landnam.is](mailto:landnam@landnam.is) eða  
í Landnámssetrinu í síma 4371600.  
Skráningagjald kr. 1500

10:00 - 12:00

**Leðjubolti í Englendingavík**

– stjórnandi Gísli Einarsson.

12:00 - 13:00

**Brúðugjörningur í Englendingavík  
og skruðganga upp í Skallagrímssgarð  
með brúðum og víkingum.**

13:30 - 14:00

**Fjölskylduskemmtun og víkinga-  
markaður í Skallagrímssgarði.**

Kynnir Unnur Halldórsdóttir.

14:00 - 17:30

**Götugrill.**

Íbúar grilla saman hver í sinni götu og bjóða  
gesti Brákarhátíðar velkomna.

18:00 - 20:00

**Kvöldskemmtun í Englendingavík.**

Hjörleifur Stefánsson og fleiri halda uppi fjöri.

20:00 - 23:00

**NÁNARI UPPLÝSINGAR UM DAGSKRÁNA Á  
[www.brakarhatid.is](http://www.brakarhatid.is)**



### Eftirtaldir styrkja Brákarhátíð:

Arion banki, Skiltagerð Bjarna Steinssonar, Borgarblóm, Borgarnes Bed&Breakfast, Borgarnes Hostel, Borgarbyggð, Borgarsport, Brúðheimar, Ensku húsin, Geirabakarí, Gæðakokkar, Hagkaup, Handavinnuhúsið, Hótel Hamar, Húsasmíðjan, Hyrnan, KB búvörudeild, Landnámssetrið, Límtré Vírnet, Nesafi, Nepal, Fjölritunartun og útgáfubjónustan, Shell skálinn Borgarnesi, Sjóvá Borgarnesi, Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari og fleiri.

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



## FÓTBREMSAN GÓÐA

Vinsælu Pólsku götuhjólin



**Sumarið er komið**  
Hjólum í vinnuna á Fuji

**HVELLUR.com**

**FUJI**

Hvellur  
Smiðjuvegur 30  
- Rauð gata  
200 Kópavogi  
Sími: 577 6400  
www.hvellur.com

## Vatnaskógur



Tryggðu barninu þínu  
ánægjulega sumardvöl.

**Laust er í eftirfarandi flokka:**

- |                                  |                  |
|----------------------------------|------------------|
| 5. Flokkur                       | Örfá sæti laus   |
| 6. Flokkur                       | Örfá sæti laus   |
| 7. Ævintýraflokkur               | Örfá sæti laus   |
| 8. Flokkur                       | Örfá sæti laus   |
| 9. Unglingaflokkur<br>(bæði kyn) | Nokkur sæti laus |
| 10. Flokkur                      | Laus sæti        |

Skráning og nánari upplýsingar í síma  
588-8899 og á [www.kfum.is](http://www.kfum.is)



Heiða Björg Hilmisdóttir næringarráðgjafi með prinsessunum Ísold Emblu Ögn 2ja ára og Sólkötlu Þöll 4 ára í nestisferð í garðinum heima.



Brauðbollur með túnfisksalati, áleggi sem molnar ekki út um allt í litlum höndum.



Flatkökur með mysingi, salati og gúrkum er sælur.

# Garðboð fyrir smáfólk

Hluti af bernskunni er að leika sér úti allan liðlangan daginn á íslenskum sumrum og oft lítill tími til að koma inn úr leik að matast. Því er börnum himnasending að fá nesti út í garð til að maula og bjóða vinum með í litla lautarferð.

„Nesti er kraftmest og „alvöru“ ef í því er brauð og þegar smurt er fyrir yngri börn finnst mér best að setja álegg sem hægt er að smyrja og skera í minni bita. Þá er auðveldara að halda á brauðinu í annarri hendi án þess að áleggið fari á flakk,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir næringarfræðingur, sem útbjó barnaboð með dætrum sínum Sólkötlu Þöll og Ísold Emblu Ögn í garðinum heima. Heiða er annar höfundur matreiðslubókarinnar Samlokur, sem kom út með útfærslum af smurðu nesti 2003.

„Dæmi um gott álegg fyrir börn er kæfa, mysingur, hummus, túnfisksalat og reyktur lax. Svo set ég alltaf salat, gúrkur og tómata með í nestisboxið. Þetta hefur virkað vel hjá okkur, sérstaklega ef farið er í hjólaferð þar sem nesti getur orðið svolítið hrist,“ segir Heiða og bendir á að litlir rúsínupakkar slái alltaf í gegn, sem og möndlur og þurrkaðir ávextir ef börn eru vön þeim, en annars þurfi að bjóða þeim nokkrum sinnum þar til þau kunna að meta það yndisljúfa náttúrusælgæti.

„Auðveldast er að kaupa drykk í fernum, en það er miklu rómantískara og meira spennandi að hella safa eða mjólk úr flösku. Þá er nóg að kaupa eina melónu og fara með út með teppi, eða hvaða ávöxt sem er. Flóknari en svo þarf nestisferðin ekki að vera.“



Setjið innihaldið í blandara og blandið saman þar til verður mjúkt. Hellið í stór glös og berið fram. Hér má nota frysta ávexti og ber að eigin vali. Góður barnadrykkur sem má laga að óskum hvers og eins.

### Sumarsæla, túnfisksalat og kryddbrauð

**Sumarsæla**  
fyrir fjóra

1 dl frosin jarðarber og hindber  
5 dl appelsínusafi eða eplasafi  
ef til vill smá fersk mynta

**Túnfisksalat**  
fyrir fjóra

1 dós túnfiskur  
2 harðsoðin egg  
¼ laukur, smátt saxaður  
2 dl sýrður rjómi  
örlítill tamarísósa  
svartur nýmalaður pipar og salt

-þlg



Þakkað og ilmandi kryddbrauð.



Þakar og frískandi gulrætur eru hollar.



Þætti í litla munna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þakkað og vini

Látið renna vel af túnfiskinum á sigti. Blandið öllu saman og smakkið til með kryddinu, stundum set ég smá tómatsósu til að fá mykt í bragðið. Þessi uppskrift passar vel fyrir börn og mér finnst gott að kaupa langskorið brauð og setja salat á milli tveggja sneiða og skera út að vild.

## Hið klassíska kryddbrauð

- 3 dl heilheiti
- 3 dl haframjöl
- 3 dl hrásykur/hunang eða 2 dl agavesýróp
- 2 tsk. matarsódi
- 2 tsk. kanill
- 1 tsk. kakó
- ½ tsk. negull
- ½ tsk. engifer
- 2½ dl mjólk (e.t.v. aðeins meira ef notað er agavesýróp)

Allt hrært saman, sett í smurt, aflangt form og bakað við 180°C í um 1 klst. Þetta brauð er vinsælt hjá börnum. Þessi uppskrift er ekki mín en ég stílfærði hana og baka því Sólkötlu finnst þetta dásamlega gott brauð, eins og hún segir sjálf.

● **SUMARLEGT, HOLLT OG SEÐJANDI** Eftir hressilegan leik úti í garði koma krakkarnir gjarnan sársvangir inn. Þá er sniðugt að skella í ískaldan og hollan skyrhristing.

### Ávaxtasjeik fyrir 4 til 5 svanga krakka

- Stór dós af hreinu skyri
- 1 stk. banani
- 1 bolli af jarðarberjum
- ½ bolli bláber
- 1 bolli ísmolar
- smá sletta af ávaxtasafa



Allt sett í blandara og blandað vel eða þar til sjeikinn er orðinn silkimjúkur. Hellið í glös og setjið litrik rör í sjeikinn.

### ● SPENNANDI BORÐHALD ÚTI VIÐ

Ferðir á leikvöll eru alltaf spennandi og skemmtilegar í hugum barnanna. Ferðina má gera enn meira spennandi með því að taka nesti með. Samlokur smurðar með osti og gúrku eru klassískar í nestisboxið eða með smurosti og eggjum. Hentugt er að grípa með drykki í fernum en með smá fyrirbyggju má hita kakó til að hafa með á brúsa eða blanda djús í flösku til að taka með. Til að kóróna borðhaldið á leikvöllinum mætti svo pakka niður dúk á borðið og láta krakkana skreyta borðið með steinum og blómum sem þau finna í nágrenninu.



## SJÓÐHEITIR ÞÆTTIR SNÚA AFTUR Í KVÖLD

### TRUE BLOOD

BLÓÐ ER ÞYKKARA EN VATN  
...OG BRAGÐBETRA  
KL. 22:20

### GOSSIP GIRL

UNG, RÍK, SPILLT  
OG DEKRUÐ  
KL. 20:05

● **AFTUR FISKAR Í VESTURBÆJARLAUG** Nýtt fiskabúr verður tekið í notkun í Vesturbæjarlaug í dag. Þá geta gestir sundlaugarinnar aftur notið framandi fiska en árum saman stóð fiskabúr í anddyri sundlaugarinnar, hannað af Gísla Halldórssyni arkitekt árið 1965. Það búr var tekið niður á níunda áratugnum en eftir söfnun sem Vináttufélag Vesturbæjar stóð að hefur nú aftur verið sett upp fiskabúr í anddyrinu. Safnað var í samskotabauka í anddyri laugarinnar og víðar í Vesturbænum og var hápunktur söfnunarinnar fjölskylduhátíð með útitónleikum sem haldin var í lauginni í sumarlok 2009. Hönnuður búrsins að þessu sinni eru Bjarki Gunnar Halldórsson arkitekt, Margrét Leifsdóttir arkitekt og Sigurður Gunnarsson verkfræðingur. Aðstandendur söfnunarinnar, sem og forsvarsmenn Vesturbæjarlaugar, bjóða alla velkomna á vísuathöfnina í dag klukkan 17.30.



● **HREYFING OG HEILBRIGÐI Í FYRIRRÚMI** Ungmennafélag Akureyrar, UFA, og KEA standa fyrir Akureyrarhlaupi KEA næstkomandi laugardag og verður ræst af stað klukkan 10 árdegis. Að þessu sinni



verða nýjar leiðir farnar og áhersla lögð á að gera hlaupið sem þægilegast fyrir alla þátttakendur, en hægt er að velja um hálfmarapón, tíu kílómetra hlaup og loks 2,5 kílómetra skemmtiskokk. Akureyrarhlaup er fyrir alla, stóra sem smáa, unga sem aldna, íþróttafólk og almenning. Átak býður þátttakendum í heita pottinn eftir hlaupið til að slaka á og láta þreytuna líða úr kroppnum. Allir þátttakendur fá þáttökupening og eiga möguleika á útdráttarverðlaunum. Nánar á [www.akureyrarhlaup.is](http://www.akureyrarhlaup.is).



Emilía Rán Benediktsdóttir, átta ára, hefur aldrei fyrr gróðursett plöntu en ber sig þó að eins og alvön, eftir að Elísabet Davíðsdóttir aðstoðarstúlka hefur sýnt henni handtökin.



Ísabella Ýrr Hallgrímsdóttir og Senía Guðmundsdóttir eru með hundinn Blossa með sér. Þær eru að reyta illgresið áður en þær stinga upp beðið og eru sammála Stefáni ljósmyndara um að það sé leiðinlegasta verkið í matjurtaræktinni. „Því arfinn kemur aftur og aftur.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tengsl við móður náttúru

Skólagarðarnir eru heilmiklir samkomustaðir á sumrin þegar þangað safnast börn á aldrinum átta til tólf ára ásamt leiðbeinendum sínum og jafnvel ættingjum.

Við skólagarðana safnast börn, þeirra nánustu og leiðbeinendur á sumrin, fyrst til að setja niður kartöflur, sá fræjum og gróðursetja grænmetisplöntur, síðan til að vökva og fylgjast með vextinum, hlúa að ræktuninni og reyta illgresi. Þarna komast börnin í bein tengsl við móður náttúru og njóta útiveru í ýmsum veðrum. Sól skín í heiði og líflégt er í skólagörðunum í Litla Skerjafirði daginn sem Fréttablaðsfólk rennir þar við. -gun



„Ég heiti Þorsteinn Freyr Gíslason – kallaður Steini,“ segir þessi piltur um leið og hann stígur upp á hjólið og lætur sig hverfa, ásamt vini sínum. Segist ætla að vökva seinna.



Jökull Freysteinnsson nýtur tilsagnar föður síns, Freysteins Sigmundssonar, fyrsta daginn í gróðursetningunni. Honum þykir verkið skemmtilegt.



Sólrún Ásta Reynisdóttir og Marta Alexandra Jamesdóttir eru tíu ára bekkjarsystur sem hjálpað við að vökva grænmetisgarðinn sinn.



Ástrós Lena Ægisdóttir fær Margréti Steinþórsdóttur, vinkonu sína úr Melaskólanum, til að hjálpa sér að planta. Ástrós segir ekki skyldu að vera í skólagörðunum en hún geri það uppskerunnar vegna.



Emilía Rán Benediktsdóttir, átta ára, er önnur kafin þegar ljósmyndari heilsar upp á hana.

**Ekki hanga í sumar**  
þú getur líka  
stóttu sveig  
**ÖRFÁ LAUS PLÁSS EFTIR**  
stóttu sveig  
leikið, föndrað og lært heilan helling.

Skráning í síma  
**551 9160**  
og á heimasíðu  
[www.sumarbudir.is](http://www.sumarbudir.is)

Uppbyggjandi og sjálfstýrkjandi  
sumarævintýri

Sumarbúðirnar Ævintýraland

SKEMMTUN OG AFPREYING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SLAKKI

**DÝRAGARÐURINN SLAKKI**

Laugarási, Biskupstungum - Sími: 868-7626

## Litlir og lúnir ferðalangar

Langar bílferðir geta verið lýjandi fyrir litla krakka. Ef börnin eru vön að leggja sig á daginn getur verið sniðugt að miða ökuferðirnar við lúrin og leggja af stað þegar stutt er í að barnið sofni. Þá má komast lengra áleiðis ef langt ferðalag er fyrir höndum áður en huga þarf að afþreyingu fyrir barnið. Þegar barnið vaknar er gott að geta gripið til leikfanga fyrir það að dunda sér með. Einnig er hressandi að syngja hástöfum lög og vísur sem barnið kann og getur tekið undir. Fyrir eldri börn

er hægt að leika klassíska ferðaleiki eins og hver er maðurinn, eða hvað gerðirðu við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér. Eins má búa til leiki í kringum örnefni sem ekið er fram hjá og segja sögur af atburðum úr Íslandssögunni þegar það á við. Hafið einnig heimasurt nesti með í för og stoppið oft svo krakkarnir geti teygð úr sér og fengið sér hressingu. Ferðaspilarar, hvort sem er fyrir tónlist eða myndbönd, eru einnig góðir ferðafélagar og geta gert ferðina ánægjulega og afslappaða. -rat



Gott er að miða ökuferðina við lúr barnsins til að komast lengra áleiðis.



Gaman er að skoða gömlu húsinn í Skógasafni undir Eyjafjöllum.

# Fræðandi og góð skemmtun

Á Íslandi eru meira en eitt hundrað söfn sem gaman er að skoða og þónokkur þeirra eru á Suðurlandi. Ekki skal vanmeta þá skemmtun sem börn geta haft af fræðslu og um að gera fyrir barnafólk að velja söfn við þeirra hæfi.



Sniðugt er að nýta útisvæði safna, tún og slíkt, til að leyfa börnunum að leika sér.

Barnafólk á ferðalagi um Suðurland ætti ekki láta hjá líða að heimsækja Skógasafn undir Eyjafjöllum. Torfbærinn, sem er safn gamalla húsa alls staðar af Suðurlandi, er eins konar einkennismerki safnsins og krökkum finnst gaman að hlaupa um túnið og skoða framandi byggingarstíll, hlóðaeldhús og baðstofur frá 19. öld. Víst er að einstakar deildir safnsins munu ekki síður slá í gegn, svo sem náttúrugripadeildin. Í safninu má meðal annars finna safn fugla, eggja, skordýra, steina og beinagrindur sem uppsettar voru af safnaranum sem gaf safnið, Andrési H. Valberg. Sérstaka lukku gæti beinagrind af ketti safnarans vakið sem Andrés setti upp þannig að hann stendur vígallega.



Munkur ritar Íslendingasögu á Sögusýningunni á Hvolsvelli.

Hellar eru bær og hellar í Landsveit, undir Skarðsfjalli, en hellarnir eru manngerðir og ganga áhugaverðar þjóðsögur um þá. Mikið ævintýri getur verið að fara með leiðsögumanni um hellana en ábúendur hafa leyft ferðalöngum að skoða þá. Sams konar hella má finna víðar í Árnes- og Rangárvallasýslu og einhverjir þeirra verið mannbústaðir. Þessir hellar hafa verið notaðir sem hlaða, fjárhús og geymslur og margar kenningar eru um aldur hellanna.

finna í mörgum hellanna. Hella-sköðun má bóka hjá Margréti Sigurjónsdóttur í síma 487 6583 og 861 1949.

Brennu-Njáls saga er ástríða allra kynslóða og gaman að kynna söguna fyrir ungvíðinu í sumarleyfinu með lifandi upplifun. Sögusetrið á Hvolsvelli er ljómandi skemmtilegt að sækja heim en þar eru safngestir leiddir inn í heim víkinganna og umhverfi þeirra og lifnaðarhættir kynntir rækilega. Sýningunni er skipt í þrjú þemu, ingastofu, Bókastofu

Vík- ingastofu má meðal annars sjá dæmi um vopn og klæðnað víkinganna og eftirmynd höfðingjaseturs frá því um 1100.

-jma

Sögusetrið á Hvolsvelli veitir ungum sem öldnum innsýn inn í líf víkinga.

Skráðu þig núna og þú færð þrjú eldri blöð með áskriftinni

**Upplifðu** sumar og sælu allt árið!  
 Þantaðu áskrift á [www.rit.is](http://www.rit.is) eða í síma 578 4800


Við verðum á sýningunni Blóm í Bæ í Hveragerði dagana 25. - 27. Júní.

Við erum í Svansmerkinu!  
 -fyrir framtíðina



### ● HÚSDÝRAGARÐUR Í INNRI NJARÐVÍK

Kálfar, lömb, kiðlingar, landnáms-hænur, geitur og kanínur eru á meðal íbúa í litlum húsdýragarði, Landnámsgarðinum, sem var opnaður við Víkingaheima í Innri-Njarðvík í síðasta mánuði í tilefni af barnahátíð í Reykjanesbæ. Þar er vel tekið á móti gestum, einkum yngstu kynslóðinni, sem gefst þarna gott færi á návist við dýrin. Garðurinn verður opinn fram á haust, en fram að því verður hann hafður opinn alla daga frá klukkan 9 til 17.



### ● BÓKINA Í BÍLINN

Eitt af því sem ekki má gleymast í sumarbústaðferðina eða tjaldútilegum eru bækur fyrir smáfolkið, ef veðrið skyldi nú verða leiðinlegt.

Í bókinni Með á nótnum er að finna bæði íslenskar þulur og söngtexta og einnig nótur. Bókin er skemmtilega myndskreytt og neðst á blaðsíðunum eru leiðbeiningar um leiki og hreyfingar með þulunum. Hrafnhildur Sigurðardóttir tók saman en Sigríður Ásdís Jónsdóttir sá um myndskreytingar. Yngstu ferðalangarnir gætu skemmt sér við að fletta í gegnum Ökuferð Mikka mús og féлага. Bókin er harðspjalda og með litlum gluggum til að opna og gægjast á bak við.

Ef barnið er vanafast á sömu sögunum fyrir háttinn er mikilvægt að sú saga gleymist örugglega ekki þegar verið er að pakka niður til ferðarinnar.



# Goran Superform

brennsla | styrking | liðleiki | þyngdartap

Goran Micic íþróttifræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

#### Superform matartaska

Matartaskan inniheldur allan mat sem þú þarft yfir daginn og er útbúin sérstaklega af Goran fyrir þig með þína orkuþörf í huga og tryggir þér þannig hámarks árangur í ræktinni.

#### Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?



Kenndir eru 5 tímar á viku og kemst takmarkaður fjöldi að. Þáttakendur fá persónulega næringaráðgjöf hjá Goran og ráðgjöf við matarinnkaup. Boðið er upp á frítt herðanudd í pottum eftir hverja æfingu.



#### Þitt er valið:

#### 4 vikna námskeið

Verð án matartösku:  
**29900.-**

Verð með matartösku:  
**59900.-**

#### 6 vikna námskeið

Verð án matartösku:  
**39900.-**

Verð með matartösku:  
**79900.-**

#### 8 vikna námskeið

Verð án matartösku:  
**49900.-**

Verð með matartösku:  
**89900.-**

Námskeiðið er hægt að greiða með léttgreiðslum til þriggja mánaða. Námskeiðið hefst 28. júní en þú getur byrjað núna!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is



## Fjölskyldudagur

2 Pizzur eða 2 Risasamlökur

2L. Gos og 4 Ísar með dýfu

**2990- kr.**



Gildir til 10. ágúst 2010







## Tilboð

## Lítið notaður 20 feta íbúðar-geymslu gámur

Einangraður, rafmagnstafla, rafmagnsöfnar, forhitað vatn og salernisaðstaða. Ca. 1 árs og lítur mjög vel út

Upplýsingar í síma 6158910.

## Atvinna

## SKARTGRIPAVERSLUN Á LAUGAVEGINUM ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

Skartgripaverslun á Laugavegi óskar eftir að ráða starfskraft í hlutastarf frá 1. ágúst eða fyrr. Vinnutíminn er frá kl. 12 til 18 alla virka daga og felst starfið í afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini. **Um framtíðarstarf er að ræða.** Umsókn með ljósmynd sendist á netfangið: hrannar18@visir.is.



## Leikskólakennara

vantar til starfa við leikskóladeildina Barnaborg í Aðaldal.

Möguleikar á húsnæði til leigu skammt frá.

Umsóknum skal skila til undirritaðrar sem einnig veitir frekari upplýsingar um starfið. **Umsóknarfrestur er til 1. júlí.**

Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir skólastjóri  
S: 464-3581 / 864-4310  
netfang: harpa@hafraekjarskoli.is

## Útboð

## BÓKASAFN GARÐABÆJAR FORVAL

Bæjarsjóður Garðabæjar leitar að áhugasömum byggingaverktökum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna fyrirhugaðra breytinga á húsnæði Bókasafns Garðabæjar. Verktími framkvæmda er frá miðjum ágústmánuði til loka október 2010.

Forvalsgögn á rafrænu formi er hægt að sækja á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

Umsóknum um þátttöku í forvalinu, ásamt umbeðnum upplýsingum, skal skila á Bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7 í Garðabæ, eigi síðar en kl 11.00 föstudaginn 9. júlí n.k.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ



GARÐABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Tækni- og umhverfissvið

## Auglýsingasími

512

5401



Allt sem þú þarft...

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Spjalldömur 908 1616

Opið þegar þér hentar.

908 1616.

## SÍMAPJÓNUSTUR



## Stefnumót

905 2000 (símatorg)  
535 9920 (kreditkort)  
535 9923 (fritt karlar)  
555 4321 (fritt konur)

## Spjall

904 5454 (símatorg, karlar)  
535 9940 (kreditkort karlar)  
555 4321 (fritt, konur)

## Gay spjall

535 9988 (kreditkort)

## Sögur

905 2002 (símatorg)  
535 9930 (kreditkort)

## Spjalldömur

908 6000 (símatorg)  
535 9999 (kreditkort)

## PurpleRabbit.eu

Íslensk náttúra! Heit stefnumót, djörf samskipti, og sífellt flottari og fjölbreyttari myndir! Hefur þú heimsótt kanínuna...í dag?

Spjallvinkonur Dömunar á Rauða Torginu eru síbreytilegur hópur heitra kvenna sem elska símadaður. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Sönn frásögn! Ung kona segir frá nánum kynnum við bekkjarsystur sína - í smáatriðum! Upptökuna má heyra hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8467.

Gefðu  
vatn

907 2002

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)

VISIR.IS

"...ég sá það á vísi"

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

68%

Lesna bara  
Fréttablaðið

5%

Lesna bara  
Morgunblaðið

27%

Lesna bæði  
Fréttablaðið og  
Morgunblaðið

Auglýsing í  
Fréttablaðinu  
nær til yfir  
95%  
lesenda  
blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírátt.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.  
Heimild: Bláðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.



Allt sem þú þarft...

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?  
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

[www.visir.is/posthusid](http://www.visir.is/posthusid) – sími 585 8330



# Tími gerjunar

## Stjórnskipan

Haukur Sigurðsson  
sagnfræðingur



Eftir hið margumtalaða efna-  
hagshrun hér á landi tekur við  
tími gerjunar. Gerjun er óvissa,  
eitthvað er að fæðast sem ekki er  
ljóst hvað úr verður. Slíkir tímar  
eru spennandi, stundum fál-  
menndir en góðar hugmyndir koma  
gjarnan fram sem hægt er að  
byggja á. Menn þreifa sig áfram og  
þessi gerjunartími hjá okkur ætti

fjögurra ára og sæti ekki á Alþingi.  
Hópur manna kemur sér saman  
um stefnuskrá og býður sig fram  
til ríkisstjórnar á þeim grundvelli.  
Þeir bæru því ábyrgð gerða sinna  
gagnvart kjósendum og reyndar  
Alþingi líka þar sem ríkisstjórn á  
að framkvæma lögin. Þeir skiptu  
með sér verkum og veldu forsætis-  
ráðherra úr sínum röðum. Þá væri  
eðlilegt að tíu af hverjum hundrað  
kjósendum gætu krafist þjóðarat-  
kvæðis um stjórnina litu þeir svo á  
að ríkisstjórn hefði ekki framfylgt  
stefnu sinni í veigamiklum málum.  
Þetta virðist eðlilegra og betur í  
samræmi við óskir fólks um nýtt  
Ísland en ef aðeins forsætisráð-



Hið lága mat almennings á Alþingi  
er áreiðanlega mikið til komið vegna  
þess að þar er ekki unnið eins og á  
almennum vinnustöðum. Síðasta  
dæmið var að hrúga inn frumvörp-  
um í þinglok sem geta ekki komið á  
dagskrá og ríkisstjórn skuldar þjóð-  
inni skýringar á slíku háttalagi.

að vera öllum tækifæri til að end-  
urmeta vinnubrögð og leyfa nýjum  
hugmyndum að njóta sín. Líka að  
ræða í þau þá sem hefur verið  
nefnt til umbóta en ekki enn kruf-  
ið nægjanlega.

Þegar boðað hefur verið til  
stjórnlagabings sem setja á lýð-  
veldinu nýja stjórnarskrá, þyrfti  
almenn umræða að verða í sam-  
félaginu um það hvernig hún eigi  
að vera. Hugmynd er um þjóðfund  
þúsund manna sem taki efni varð-  
andi þingið til umræðu og leggi  
tillögur inn á stjórnlagabingið.  
Þessi fundur á því að verða nokk-  
urs konar kögunarhóll þaðan sem  
útsýn á að vera til allra átta. Hér  
hefur verið þingræði frá 1904  
þegar við fengum ráðherra sem  
sat á Alþingi og bar ábyrgð gerða  
sinna gagnvart því. Á síðustu ára-  
tugum hefur vald ráðherra yfir  
þinginu keyrt úr hófi fram svo að  
það jafnvægi sem á að vera með  
löggjafarvaldi og framkvæmdar-  
valdi er gengið úr skorðum. Þingið  
hefur orðið þing ráðherranna, sem  
láta semja næstum öll frumvörpin  
og þingmannafrumvörpum fæk-  
ar stöðugt.

Vald ríkisstjórnar yfir þingi  
kemur mjög í veg fyrir samvinnu  
þingmanna þvert á flokka. Öll  
þessi skipting í stjórn og stjórnar-  
andstöðu er úrelt í mörgum málum  
þó að hún hverfi aldrei enda hug-  
myndir um hvert stefna beri allt-  
af ólíkar að einhverju leyti, einnig  
hagsmunir. Sameiginlegt verkefni  
þingsins er að setja lög og Alþingi  
ætti að koma að því eins og best er  
á góðum vinnustöðum: með sam-  
vinnu þeirra sem vinna að verk-  
efninu. Hið lága mat almennings  
á Alþingi er áreiðanlega mikið til  
komið vegna þess að þar er ekki  
unnið eins og á almennum vinnu-  
stöðum. Síðasta dæmið var að  
hrúga inn frumvörpum í þinglok  
sem geta ekki komið á dagskrá og  
ríkisstjórn skuldar þjóðinni skýr-  
ingar á slíku háttalagi. Á hvaða  
vinnustað þætti það sæmandi að  
biðja starfsmenn að leysa verkefni  
á nokkrum dögum rétt fyrir sum-  
arhlé en sem tæki minnst mánuð  
að leysa?

Hvernig á þá að velja ríkisstjórn  
verði hún ekki til úr þingmönnum  
upp úr kosningum? Hugsá má sér  
að hún verði kosin sérstaklega til

herra yrði kosinn sérstaklega og  
hann veldi síðan ráðherra án kos-  
inga.

Væri þessi leið farin hlyti hún  
að breyta verulega stöðu forseta  
Íslands. Hann hefði ekki lengur  
hlutverk við myndun ríkisstjórnar.  
Þar sem embættið virðist hafa  
glatað þeirri mynd í huga þjóðar-  
innar að vera sameiningartákn  
kæmi vel til greina að Alþingi  
veldi forseta.

# Heilbrigðiskerfið 2015

Í tengslum við stofnfund Landssambands heilbrigðisstofnana (LH) verður haldin ráðstefna á Grand hótél föstudaginn 25. júní kl. 13.00-16.30. Þar verður reynt að svara áleitnum spurningum um það hvernig heilbrigðiskerfið muni komast í gegnum niðurskurð og þrengingar sem framundan eru. Hvað þarf að breytast og hvernig, hvaða leiðir þarf að fara til að tryggja áfram góða þjónustu? Hvað er nauðsynlegt að gera varðandi sameiningar, samvinnu og/eða niðurlagningu stofnana?

Frummælendur leitast við að svara þessum spurningum og varpa sinni sýn á það hvernig heilbrigðiskerfið eigi að líta út árið 2015.

## Dagskrá:

- Kl. 13:00 Formaður Landssambands heilbrigðisstofnana setur ráðstefnuna
- Kl. 13:10 Heilbrigðisráðherra: Álfheiður Ingadóttir
- Kl. 13:30 Landlæknir: Geir Gunnlaugsson
- Kl. 13:45 Forstjóri Landspítala: Björn Zoega
- Kl. 14:00 Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins: Svanhvit Jakobsdóttir
- Kl. 14:15 Þingmaður og fyrrum heilbrigðisráðherra: Siv Friðleifsdóttir
- Kl. 14:30 Þingmaður og fyrrum heilbrigðisráðherra: Guðlaugur Þór Þórðarson
- Kl. 14:45 Lektor í heilsuhagfræði við HÍ: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
- Kl. 15:00 Kaffihlé
- Kl. 15:15 Panelumræður - Sigurður Guðmundsson, sviðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ stýrir umræðum
- Kl. 16:30 Ráðstefnuslit

Ráðstefnan er öllum opin en þátttaka tilkynnist á birna.bjarnadottir@heilsugaeslan.is  
Ekkert ráðstefnugjald.

Undirbúningsnefndin

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid - sími 585 8330



## OPINN FYRIRLESTUR

Opinn fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar, hagfræðideildar Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins, fimmtudaginn 24. júní frá kl. 12 til 13 í sal 105 á Háskólatorgi.

Jagdish Bhagwati, prófessor við Columbiu háskóla í Bandaríkjunum

## AFTER COPENHAGEN: DESIGNING THE CLIMATE CHANGE TREATY



Jagdish Bhagwati er prófessor í hagfræði við Columbiu háskóla í New York í Bandaríkjunum og sérfræðingur hjá Council on Foreign Relations. Hann hefur starfað við ráðgjöf um árabíl, m.a. fyrir GATT, fyrir Sameinuðu þjóðirnar á sviði alþjóðavæðingar og fyrir Alþjóðaviðskiptastofnunina á sviði stefnumótunar. Hann hefur gefið út rúmlega 300 fræðigreinar ásamt því að ritstýra og skrifa meira en 50 bækur. Að auki skrifar Bhagwati reglulega greinar í virt tímarit eins og The New York Times, The Wall Street Journal og The Financial Times.

Bhagwati er einn virtasti fræðimaður heims á sínu sviði en hann hefur hlotið mikið lof fyrir skrif sín um alþjóðavæðingu og frjáls viðskipti.

Fyrirlesturinn sem fram fer á ensku er öllum opin.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, stjórnar fundi.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLA ÍSLANDS  
UNIVERSITY OF ICELAND



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN  
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI  
UNIVERSITY OF ICELAND

Gefðu  
vatn

Hjálparstarf  
kirkjunnar

www.help.is





**Á ERLENDUM HÁTÍÐUM** Íslenski listdansflokkurinn mun sýna á einni stærstu nútímalistahátíð Norðurlanda í júní. MYND/ÚR EINKASAFNI



**ÁRLEG HÁTÍÐ** Svanurinn eftir Láru Stefánsdóttur verður sýndur í Finnlandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Íslenskur dans vinsæll erlendis

Íslenski dansflokkurinn fór til Finnlands í gær til að sýna á einni stærstu nútímadanslistahátíð Norðurlanda sem er haldin árlega. Hátíðin er nú haldin í 41. skipti og áherslan í ár er á dans frá Argentínu, Kína og Norðurlöndunum.

Íslenski dansflokkurinn mun í anda þessa hátíðarinnar sýna á þrjú norræn verk sem öll hafa fengið góða dóma erlendis. Verkin eru Svanurinn eftir Íslendinginn Láru Stefánsdóttur, Kvart eftir Norðmanninn Jo Strömgregn og Endastöð eftir Svíann Alexander Ekman.

Eftir finnsku hátíðina mun Íslenski dansflokkurinn halda til Póllands þar sem hann mun sýna nýtt frumsmíð verk á alþjóðlegri danshátíð í bænum Bytom. Verkið er afkrastur viðamikils samstarfs Íslenska dansflokksins og Silesian Dance Theatre í Póllandi.

- mmf



**NORSKT VERK** Íslenski listdansflokkurinn sýnir verkið Kvart eftir Norðmanninn Jo Strömgregn. MYND/ÚR EINKASAFNI



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og sonur,  
**Sæmundur Hafsteinsson**,  
Brekkubyggð 50, Garðabæ,

lést á Líknardeild Landsspítalans 19. júní. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 25. júní kl. 13:00.

- |                                |                               |
|--------------------------------|-------------------------------|
| Auður Bragadóttir              | Arnbjörg Harðardóttir         |
| Tryggvi Már Sæmundsson         | Bragi Reynir Sæmundsson       |
| Ragnheiður Helga Sæmundsdóttir | Hafsteinn Daniel Þorsteinsson |
| Hafsteinn Ólafsson             |                               |



Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur stuðning og hlýbug í veikindum og við andlát ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,  
**Halldóru Böðvarsdóttur**  
Dalbraut 15, Akranesi.

Sérstakar þakkir viljum við færa heimahjúkruninni og starfsfólki Sjúkrahúss Akraness fyrir ómetanlega aðstoð.

- |                            |                                 |
|----------------------------|---------------------------------|
| Þórður Magnússon           | Svava Huld Þórðardóttir         |
| Jón Þór Þórðarson          | Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir     |
| Berglind Erna Þórðardóttir | Jes Friðrik Jessen og ömmubörn. |



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Þórður Sveinbjörnsson**  
Krummahólum 5, Reykjavík (áður Grundarfirði),

verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. júní kl. 13.00.

- |                         |                      |
|-------------------------|----------------------|
| Kristín V. Þórðardóttir | Sigríður Svansdóttir |
| Björn Karl Þórðarson    | Rúnar Þrúðmarsson    |
| Jón Örn Þórðarson       |                      |
| Erna Hlín Þórðardóttir  | og fjölskyldur.      |



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Gunnlaugur Viðar Guðjónsson**  
Gautavík 17, Reykjavík,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 20. júní. Jarðarför verður auglýst síðar.

- |                               |                          |
|-------------------------------|--------------------------|
| Ágústa Ágústsdóttir           | Jósep Svanur Jóhannesson |
| Bylgja Eyhlíð Gunnlaugsdóttir | Hildur Árnadóttir        |
| Ágúst Gunnlaugsson            | Sigurbjörg Jakobsdóttir  |
| Sævar Örn Gunnlaugsson        | og barnabörn.            |



Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Guðmundu Guðbjartsdóttur (Gógó)**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Sólvangi deild 4, fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

- |                            |                     |
|----------------------------|---------------------|
| Ásgerður Hjörleifsdóttir   | Haukur Lyngdal      |
| Magnús Hjörleifsson        | Brynjólffsson       |
| Guðmundur Hjörleifsson     | Elisabeth Lagerholm |
| barnabörn og langömmubörn. | Jenny Þórisdóttir   |



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,  
**Ingunnar Ásgeirsdóttur**

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Aðstandendur.



Innilegar þakkir fyrir hlýbug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Kristínar Jónsdóttur**  
húsmóður, Kleppsvegi 64.

- |                            |                    |
|----------------------------|--------------------|
| Jón Þór Hjaltason          | Anna Gunnarsdóttir |
| Kristín Björk Hjaltadóttir | Bjarni Gunnarsson  |
| ömmubörn og langömmubörn.  |                    |



Elskaður eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Magnús Ó. Stephensen**  
Suðurtúni 27, Álftanesi,

sem lést 17. júní sl., verður jarðsönginn frá Vídalínskirkju Garðabæ, föstudaginn 25. júní kl. 15. Athöfnin hefst með söng kl. 14.40. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim, sem vilja minnast hans, er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

- |                        |                      |
|------------------------|----------------------|
| Guðbjörg I. Stephensen | Björn H. Halldórsson |
| Kristbjörg Stephensen  | Arnar Helgason       |
| Ragnheiður Stephensen  |                      |
| Lilja Þóra Stephensen  | og barnabörn.        |



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur stuðning og hlýbug við andlát og útför ástkærs sambylismanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,  
**Engilberts Sigurðssonar**  
Langholtsvegi 132, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki A-2 á Grund og Hlíðarbae fyrir frábæra umönnun og aðhlyningu.

- |                               |                              |
|-------------------------------|------------------------------|
| Regína Erlingsdóttir          | Rebecca Engilbertsson        |
| Þóra Engilbertsdóttir         | Brynja Pétursdóttir          |
| Guðmundur Már Engilbertsson   | Gunnar Valur Engilbertsson   |
| Sigurður Haukur Engilbertsson | barnabörn og barnabarnabörn. |
| Gunnar Valur Engilbertsson    |                              |



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hallur Sigurbjörnsson**  
fv. skattstjóri, Grundargerði 3d Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 24. júní kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

- |                          |  |
|--------------------------|--|
| Aðalheiður Gunnarsdóttir | Ane Thomsen                                      |
| Sigurbjörn Hallsson      | Kristinn Einarsson                               |
| Margrét Hallsdóttir      | Angelika Woldt-Hallsson                          |
| Gunnar Hallsson          | Karin Rova                                       |
| Fríðrik Haukur Hallsson  | Kristín Þóra Kjartansdóttir                      |
| Þórarinn Óli Hallsson    | barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur. |
| Hallur Heiðar Hallsson   |  |
| Hlynur Hallsson          |  |

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

# Hugsuðir fást ekki í pólitík

**BAKPANKAR**  
Jóns  
Sigurðar  
Eyjólfssonar

Plató er mér hugleikinn þessa dagana. Líklegast eru það vangaveltur Óssurar og fleiri um þjóðstjórn sem snúa huga mínum að þessum manni sem vakinn og sofinn velti því fyrir sér hvers konar stjórnarfar færi breyskri mannskepnunni best. Plató reyndi eftir megni að fá vitringu til að stjórna ríkjum en án árangurs. Hvorki gekk að fá vitringu til að snúa sér að pólitík né að koma vitinu fyrir pólitík-USA.

**ÉG** velti því fyrir mér hvað Plató segði ef hann gengi aftur og kæmist að því að lýðræði væri niðurstaða þróðustu ríkja eftir allt þeirra stjórnarbrölt. Það er nefnilega alls ekki fullkomið eins og mýmörg dæmi frá Austurvelli sanna. Til dæmis eru flestir stjórnámálemenn uppteknari af kjörþokka sínum en ábyrgð og þjóðarhagsmunum, jafnvel á viðsjárverðustu tímum.

**PÓTT** nóg sé af slíkum dæmum frá Austurvelli ætla ég að taka til atburðarás frá spænska þinginu sem sýnir vel þennan lýðræðiskvilla. Mariano Rajoy, formaður Lýðflokksins, fer fyrir stjórnarandstöðunni hér á Spáni. Fyrir all-

nokkrum mánuðum lagði hann hart að José Luis Rodríguez Zapatero forsætisráðherra að taka upp niðurskurðarhnífinn því blikur væru á lofti í efnahagsmálum landsins. Zapatero taldi slíkt óhæfu mikla.

**EFTIR** ófarir Grikkja hvöttu evrópskir ráðamenn forsætisráðherra Spánar einnig til að munda niðurskurðarhnífinn svo Spánverjar þyrftu ekki að koma með biðilsbuxurnar niður um sig til Brussel. Og nú þegar stjórnin fer í þessar nauðsynlegu aðgerðir hleypur Rajoy um allar koppagrundir og auglýsir andstyggð sína á öllu saman. Kjósundur bera ekki allir toppstykki Plátós á herðum og virðast ætla að launa Rajoy tvískinnunginn með meira fylgi en nokkru sinni. Í stað þess að leggjast á árar með löndum sínum þegar þjóðarskútan er í brotsjó hneigjast stjórnámálemenn frekar til þess að nýta sér neyðarástandið til að auka á vinsældir sínar. Þær verða þó einskis virði ef fleyði kemst ekki í var.

**AFTURGENGINN** Plató yrði örugglega ánægður með hvað mannkynið væri orðið þróað á ýmsum sviðum. Við sendum bræður okkar til tunglsins og út um víðan geim. Ég get líka læst fararskjóta mínum á 20 metra færi og talað við konningja minn hinumegin á hnettinum. En mikið agalega yrði hann vonsvikinn með það hversu hægt gengur að fá vitringu við stjórnvölinn.



## myndasögur

### ■ Pondus



### ■ Gelgian



### ■ Handan við hornið



### ■ Barnalán



**Pevo CREATIONS**

# STRUMPARNIR™

**VILTU EINTAK?**

**STRUMPARNIR™**

STRUMPASAFNIÐ 6

**10. HVER VINNUR!**

FULLT AF AUKAVINNINGUM · TÖLVULEIKIR DVD MYNDR · FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!

**SENDU SMS SKEYTIÐ EST ST6 Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ STRUMPANA Á DVD!**

**BYRJAÐU AÐ SAFNA STRUMPUNUM STRAX Í DAG.**

**SMS LEIKUR**

**HELKO**

WWW.STRUMPAR.IS

Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

# Orlando trúlofaður

Leikarinn Orlando Bloom og ofurfyrirsætan Miranda Kerr hafa opinberað trúlofun sína. Þetta staðfestir talsmaður parsins en sögusagnir um trúlofun hafa sveimað í kringum þau í dágóðan tíma. Bloom og Kerr eru búin að vera saman í þrjú ár en hafa aldrei viljað tala um samband sitt opinberlega. Fjölskylda Kerr, sem er frá Nýja-Sjálandi, mun vera yfir sig ánægð með ráðahaginn en engin dagsetning hefur verið staðfest fyrir brúðkaupið. Bloom er þekktastur fyrir hlutverk sitt í myndunum Pirates of the Caribbean og Lord of the Rings en Kerr hefur getið sér gott orð í fyrirsætubransanum.



TRÚLOFUÐ Orlando Bloom mun nýlega hafa beðið um hönd ofurfyrirsættunnar Miröndu Kerr. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Vill Siennu burtu

Samkvæmt ýmsum tímaritum í Bretlandi á Sadie Frost, fyrrverandi eiginkona leikarans Jude Law, að hafa bannað Siennu Miller að vera of mikið í kringum börn sín eftir að sú síðarnefnda létt klippa dóttur Frosts án leyfis frá foreldrum barnsins.

„Sadie er reið yfir ýmsu og þá sérstaklega að Sienna hafi látið klippa hár dóttur hennar án leyfis. Sienna er byrjuð að skipuleggja brúðkaup sitt og Jude og hefur gert ýmsar ráðstafanir hvað börnin varðar og Sadie er mjög ósátt við það,“ var haft eftir ónefndum fjölskylduvini. Vinurinn sagði jafnframt að Frost hafi bannað Miller að sækja danssýningu hjá níu ára gamalli dóttur sinni. „Jude vildi hafa Siennu með sér á sýninguna en Sadie var búin að fá nóg og tók það ekki í mál. Sadie er frábær móðir, en hún er búin að fá nóg af því að Sienna sé í mömmuleik með börnin sín,“ sagði vinurinn.



ÓSÁTT Hönnuðurinn Sadie Frost vill ekki að Sienna Miller komi nálægt börnum sínum og leikarans Jude Law. NORDICPHOTOS/GETTY



VILLT Katy Perry og Russell Brand fara ekki hefðbundnar leiðir.

# Gifta sig í Gaga-latexi

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að Russel Brand og Katy Perry fara ekki hefðbundnar leiðir við val á fötum fyrir hjónavígsluna. Þarið er nú í óða önn að skipuleggja brúðkaupið sitt og með aðstoð frá búningahönnuði Lady Gaga hafa þau hannað giftingarfötin sín. Þarið ætlar að vera í niðþröngum latex-búningum í stíl þegar gengið verður inn kirkjugólfíð.

„Þau eru bæði með frábæran húmor og eru miklir addáendur Lady Gaga. Þetta brúðkaup verður svo sannarlega öðruvísi,“ sagði vinur parsins.



LEONARDO DI CAPRIO Fer með hlutverk J. Edgars Hoover í nýrri mynd sem Clint Eastwood leikstýrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Leikur FBI-stjóra

Leikarinn Leonardo DiCaprio hefur tekið að sér að leika stofnanda bandarísku leyniþjónustunnar FBI, J. Edgar Hoover, í mynd sem byggð verður á ævi hans. Leikstjóri myndarinnar er Clint Eastwood en þetta er í fyrsta sinn sem þeir tveir vinna saman. Handritshöfundur myndarinnar er sá hinn sami og skrifaði handritið að kvikmyndinni Milk, Dustin Lance Black, og hlaut Óskarsverðlaun fyrir.

Hoover var mjög umdeildur karakter og beðið hefur verið eftir myndinni með eftirvæntingu enda er talið að ævisaga hans sé efni í góða Hollywood-mynd. Hann var forstjóri FBI í 48 ár og var með puttann á púlsinum á flestöllu því sem gerðist í Bandaríkjunum á þeim tíma.



# TAKTU ÞÁTT 23. JÚNÍ



## Ert þú næsti verðlaunahafi Íslands á Ólympíuleikum?

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ólympíufjölskylda ÍSÍ halda upp á Alþjóðlega Ólympíudaginn 23. júní. Þennan dag árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþróttar og er markmiðið að bjóða fólki að koma saman, hreyfa sig, læra nýjar íþróttgreinar og kynna ólympískum hugsjónum og gildum. Ólympíudagurinn er ætlaður öllum, óháð íþróttalegri getu.

Allir sem taka þátt í deginum fá viðurkenningu frá Alþjóðaólympíunefndinni.

## DAGSKRÁ



### Egilsheill 13:00 - 15:00

UMF Fjölur býður upp á íþróttastöðvar í Egilsheillinni. Stöðvarnar eru byggðar upp sem þrautir úr flestum íþróttum félagsins og verður hægt að spreyta sig í hinum ýmsu íþróttum. Ólympíufarar verða á staðnum. Veittar verða viðurkenningar fyrir þátttöku.



### Laugaból – íþróttasvæði Ármanns 13:00 - 15:00

Fimleikadeild Ármanns býður alla velkomna í kynningu.



### Breiðholt

ÍR býður opnar æfingar fyrir alla í frjálsíþróttum og knattspyrnu daganna 21. – 25. júní.



### Laugardalur 20:00 - 22:00

Komið og hitið upp fyrir Miðnæturlaupið með því að prófa eitthvað nýtt!

#### Við íþróttasvæði Ármanns / Próttar - Laugarból

- Kynning á hafnarbolta í boði Hafna- og mjúkboltafélags Reykjavíkur.
- Hjólaskíðakennsla í boði Skíðagöngufélagsins Ullar.



### Skylmingamiðstöðin undir stúkunni á Laugardalsvelli

Komdu og kannaðu hvernig er að skylmast með alvöru sverði. Landsliðsfólk tekur á móti og sýnir réttu tökin.

### Sundlaugin í Laugardal – Innilaugin

Sýningarleikur í sundknattleik hefst um 21:00 og á eftir gefst almenningi tækifæri á að prófa.



### Miðnæturlaup Powerade hefst kl: 22:00 stundvíslega

Þetta frábæra hlaup hentar fólki á öllum aldri, bæði byrjendum og lengra komnum og hægt er að velja um þrjár vegalengdir. **Skráning á staðnum frá kl: 16:00 og á [www.marathon.is](http://www.marathon.is)**

- 3 km skemmtiskokk án tímatöku kostar – 1.000 kr.
- 5 km skemmtiskokk með tímatöku kostar – 1.500 kr.
- 10 km skemmtiskokk með tímatöku kostar – 1.500 kr.

Allir sem taka þátt í hlaupinu fá frítt í sund að hlaupi loknu.

Frekari upplýsingar um daginn er hægt að finna á [www.isi.is](http://www.isi.is)



# Jónsvaka á Jónsmessu

Listahátíðin Jónsvaka verður haldin í fyrsta sinn um helgina í miðbæ Reykjavíkur. Markmiðið er að kynna unga íslenska listamenn.

„Þessi tími ársins er alveg svakalega skemmtilegur og það vantaði eitthvað að gerast núna um mitt sumarið,“ segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir hjá Framkvæmdafélagi listamanna sem stendur ásamt fleirum að listahátíðinni Jónsvöku.

Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin er haldin en hún mun fara fram dagana 24.-27. júní í miðbæ Reykjavíkur. „Nágrannalönd okkar hafa öll hefð fyrir því að halda Jónsmessuhelgina hátíðlega og því kominn tími á að við gerum eitthvað hér, í landinu þar sem sólin sest ekki,“ segir Harpa. Hátíðin einbeitt sér að ungm listamönnum og stefnir þar saman öllum listgreinum. „Það verður hönnun, myndlist, sviðslist, tónlist og ljósmyndum. Það má eiginlega segja að hátíðin fari yfir öll listasviðin.“

Það er ókeypis inn á flesta viðburði hátíðarinnar og verður meðal annars tískusýning í Listasafni Reykjavíkur á fimmtudagskvöld þar sem íslensk hönnun verður sýnd. „Sú sýning verður vöðulega spennandi og flott og mæli ég með henni.“ Einnig verða tónleikar á Nasa frá fimmtudagskvöldi til laugardagskvölds. Þar koma fram nokkrar af vinsælustu hljómsveitum landsins á borð við Hjaltalín, Hjalma, Bloodgroup, Ensími og Agent Fresco en hægt er að kaupa armband á 2.900 krónur sem gildir inn á alla tónleikana, annars kostar 1.500 kr. inn á hvert kvöld.



HARPA FÖNN Ein af aðstandendum Jónsvöku, nýrrar listahátíðar, sem haldin er í miðbænum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## SAMBÍÓINN

FRÁ MICHAEL BAY KEMUR EIM ÖGNVÆLEGASTA KVÍKMYND SÍDARI ÁRA

ÓMENGUÐ SNILLÐ YST SEM INNST. ★★★★★ S.V. - Mbl  
"Hún hefur svo sannarlega alla burði til að verða vinsælasta og besta mynd sumarsins"

EITT MESTA ILLMEIRI KVIKMYNDASÓGNURIN ER KOMIÐ AÐ BÍÓ. ÞESSU ER HVEGER

PESSI MYND Á EFTIR AÐ HALDA ÞÉR VAKANDI Í LANGAN TÍMA!  
ALLS ÖÐU VÍÐ HÆFI BARNNA - BEINT Á TOPPINNI Í USA

HEITASTA STELPUMYND SUMARSINS

SEX AND THE CITY 2

SAMBÍÓINN ÁLFABAKKA		SAMBÍÓINN KRINGLUNNI	
NIGHTMARE ON ELM STREET	kl. 5:40 - 8 - 10:20 (16)	NIGHTMARE ON ELM STREET	kl. 8:20 - 10:30 (16)
NIGHTMARE ON ELM STREET	kl. 10:45	LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/Ísl. Tali	kl. 3:40(30) - 6(30) (L)
LEIKFANGASAGA 3 - 3D M/Ísl. Tali	kl. 3:20(30) - 5:40(30) (L)	TOY STORY 3 ensku	kl. 5:40(30) - 8(30) - 10:20(30) (L)
LEIKFANGASAGA 3 M/Ísl. Tali	kl. 3:20 - 5:40 (L)	SEX AND THE CITY 2	kl. 5:30 - 8:30 (12)
TOY STORY 3 M/Ísl. Tali	kl. 8(30) (L)	OFURSTRÁKURINN M/Ísl. Tali	kl. 3:40 (L)
SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 - 10:20 (12)	SAMBÍÓINN AKUREYRI	
SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 (12)	NIGHTMARE ON ELM STREET	kl. 10:20 (16)
THE LOSERS	kl. 8 - 10:20 (12)	LEIKFANGASAGA 3 - 3D Ísl. Tali	kl. 5:40(30) (L)
PRINCE OF PERSIA	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 (10)	TOY STORY 3 - 3D ensku tal	kl. 8 (30) (L)
THE LAST SONG	kl. 3:20 (L)	PRINCE OF PERSIA	kl. 6 (10)
SAMBÍÓINN SELFOSSI		SEX AND THE CITY 2	kl. 9 (12)
LEIKFANGASAGA 3 M/Ísl. Tali	kl. 8 (L)	<b>JÁ</b> NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118	
BROOKLYN'S FINEST	kl. 10:10 (16)		
THE LOSERS	kl. 8 - 10:10 (12)		

NÝTT Í BÍÓ!

MISSIÐ EKKI AFFYRSTU STORMYND SUMARSINS!  
ÞEIR VORU PLATAÐIR - ÞEIR VORU SVIKNIR  
HEFNDIN ER ÞEIRRA!

Disney PIXAR  
**TOY STORY 3**  
SÝND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

THE A-TEAM  
LÚXUS

STREET DANCE 3D

GET HIM TO THE GREEK

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
THE A-TEAM	kl. 5:20 - 8 - 10:40 (12)	THE A-TEAM	kl. 6 - 9 (12)
THE A-TEAM LÚXUS	kl. 5:20 - 8 - 10:40 (12)	STREETDANCE 3D	kl. 6 - 9 (L)
LEIKFANGASAGA 3D Íslenskt tali	kl. 3:30 - 5:45 (L)	GET HIM TO THE GREEK	kl. 6 - 9 (12)
TOY STORY 3 3D ensku tali	kl. 5:45 - 8 (L)	SNABBA CASH	kl. 6 - 9 (16)
STREETDANCE 3D	kl. 3:30 - 10:20 (L)		
GET HIM TO THE GREEK	kl. 8 - 10:25 (12)	BORGAR BÍÓ	
SKÓGARDÝRID HÚGÓ 3	kl. 4 (L)	THE A-TEAM	kl. 5:45 - 8 - 10:15 (12)
ROBIN HOOD	kl. 8 (12)	GET HIM TO THE GREEK	kl. 8 * Síðasta sýning (12)
facebook.com/smarabio		YOUTH IN REVOLT	kl. 10 * Síðasta sýning (14)
		SKÓGARDÝRID HÚGÓ 3	kl. 5:45 (L)

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWER SÝNING KL. 10:20

STREET DANCE 3D 3-D GLERAGU SELD AUKALEGA

GET HIM TO THE GREEK

SÝNINGARTÍMAR

A-TEAM	5:40, 8 og 10:20(POWER)	16
STREET DANCE 3-D	4, 6 og 8	7
GET HIM TO THE GREEK	3:50, 5:50, 8 og 10:10	12
ROBIN HOOD	10	12
SKÓGARDÝRID HÚGÓ	4	L



## EKKI vera sökker!

50% tilboð alla daga. Sjáðu á ring.is.

KFC, Síminn, TACO BELL, ÍSBÚÐIN LAUGALÆK, LEXIA

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

Stærsti vínahópur á Íslandi **ring**

www.facebook.com/ringjarar

Síminn Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.



SKRAUTLEGUR Poetrix hefur gefið út nýtt lag sem ber nafnið Gredda. MYND/MARINO

## Sýndarveruleiki næturlífsins í nýju lagi

Rapparinn Poetrix hefur gefið út nýtt lag sem ber nafnið Gredda. Lagið mun fara í spilun á útvarpsstöðvum landsins á næstu dögum. Rúm tvö ár eru síðan rapparinn gaf út lagið Vegurinn til glötunar í samvinnu við Bubba Morthens.

„Poetrix er búinn að liggja í dvala og bíða eftir innblæstri. Finna það sem rímaði best við sig. Það fann hann í kjallara á hóruhúsi í hausnum á sér,“ segir rapparinn.

Spurður um hvað lagið fjallar svarar hann að það sé tilraun hans til að lýsa sýndarveruleikanum sem verður til í miðbæ Reykjavíkur „Það verður til annar veruleiki niðri í bæ um helgar. Venjulegt fólk breytist í vampírur þar sem dögurinn er þeirra versti óvinur. Því lífið


er ljót tík þegar þú vaknar daginn eftir og sérð hana í birtunni.“

Ný plata er í bígerð hjá Poetrix og hefur hann fengið elítu tónlistarbransans með sér í lið. Þeir Ómar Guðjónsson gítarleikari, Jakob Smári Magnússon bassaleikari, Einar Scheving trommuleikari og Bergþór Smári gítarleikari slá taktinn á nýju plötunni.

„Platan hljómar eins og fönki manú depressíf-sjúklingur sem ætlar að bjarga heiminum en er of veikur fyrir konunum sem hann hittir á leiðinni.

Hljómsveitin er fær um að búa til takt sem fær fólk til að kinka kalli taktfast í svefni og þangað til í næsta lífi,“ segir Poetrix að lokum.

- áþ



Tilboð gildir frá 23. júní til 5. júlí

„Bitastæð í sumarfríð!“

## Aðdáendur True Blood takið eftir!

Fyrsta bókin um Sookie Stackhouse **Dauð þar til dimmir** er nú á sérstöku tilboði fyrir óseðjandi vampíruaðdáendur.

Sögur Charlaine Harris um gengilbeinuna Sookie hafa vermt efstu sæti vinsældarlista um allan heim. Hinir feykivinsælu þættir „True Blood“ sem sýndir eru á Stöð 2 byggja á bókum Harris.

**1.990 kr.**  
~~2.490 kr.~~

Eymundsson.is

**Eymundsson**  
Bóksali frá 1872

**512 54 01**

Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...

# Þitt tækifæri!



**Station bíll á frábæru verði**  
**Framleiddur í mars 2010**  
**Ríkulegur staðalbúnaður**  
**Gæðabíll í 3 ára ábyrgð!**



**Lacetti Station árgerð 2010**  
**Verð aðeins kr. 2.690.000.-** kr. 2.143.000.- án vsk

**Bílabúð Benna er 35 ára** og þú færð að njóta þess. Vegna hagstæðra samninga við Chevrolet, í tengslum við magnkaup fyrir bílaleigur, getum við boðið nokkur eintök af glænýjum Chevrolet Lacetti Station á afmælisafslætti. Hér er um að ræða einstaklega rúmgóðan og ríkulega búinn gæðabíl að öllu leyti, m.a. álfelgum, langbogum, loftkælingu o.fl., o.fl. Og að sjálfsögðu með 3ja ára ábyrgð.

**Þetta er þitt tækifæri til að eignast stór-góðan bíl á verði smábíls - fyrir sumarfrí.**

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhófða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is / Spesbilar - Njarðarbraut 9 Reykjanesbæ - sími 420 3300 - www.spesbilar.is / Bílasalan Ós - Óseyri 5 - 603 Akureyri - sími 462 1430 - www.osbilar.is



Stofnað 1975

## > VISA-bikarinn á fullt í kvöld

16-liða úrslit VISA-bikars karla hefjast í kvöld með fimm leikjum. Tvö lið úr 1. deildinni fá lið úr Pepsi-deildinni í heimsókn. Fjölismenn taka á móti KR og Víkingur tekur á móti Val. Þar mætir Helgi Sigurðsson sínum gömlu félagum. Fjölir féll úr efstu deild í fyrra og tapaði þá báðum leikjunum gegn KR, 2-1. Stjörnumenn eiga erfiða ferð fyrir höndum á Torfnsvöll þar sem það mætir BÍ/Bolungarvík sem er í öðru sæti 2. deildar. Það verða tveir 1. deildarslagir í kvöld, á Akranesi þar sem ÍA tekur á móti Þrótti og í Ólafsvík þar sem Fjarðabyggð verður í heimsókn.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## HAUKUR INGI GUÐNASON: ENN Í VANDRÆÐUM MEÐ HNÉÐ Á SÉR EFTIR ÁRALANGA BARÁTTU

# Margir furða sig á því af hverju ég er ekki hættur

Sóknarleikur Keflvíkinga í sumar hefur ekki verið burðugur. Aðeins átta mörk í átta leikjum staðreynd en góð vörn hefur skilað liðinu í efsta sæti Pepsi-deildarinnar ásamt Val og Fram. Þeir sakna líklega Hauks Inga Guðnasonar sem spilaði tuttugu leiki í fyrra en hann er enn og aftur meiddur á hné. Hann hefur ekkert spilað með Keflavík í sumar.

„Þetta blessaða hné kemur í veg fyrir að ég nái að fylgja eftir tímabilinu frá því í fyrra. Ég var orðinn bjartsýnn á það,“ sagði Haukur sem hefur átt í vandræðum með hnéð í nokkur ár.

„Þetta er sama hnéð og alltaf. Ég er með beinmar í hnénu en það er ekki endilega tengt hinum vandamálinum. Ég meiddist um miðjan febrúar og fór í smá aðgerð. Ég þurfti að hvíla í þrjá mánuði og er núna búinn að því, þá taka við æfingar,“ sagði Haukur sem reyndi að æfa fyrir mótið.

„Það gekk ekki upp. Ég er nýbyrjaður að æfa aftur en þeir sem hafa lent í þessu segja mér að þetta geti tekið langan tíma, maður verður bara að vona það besta. Maður

má heldur ekki byrja of fljótt.“

Haukur Ingi er þó vongóður um að hann nái að koma sér aftur í form og neitar að leggja skóna á hilluna. Hann spilaði fimmtán leiki með Fylki 2008, þrettán leiki 2007 og ellefu leiki 2006.

„Margir furða sig á því af hverju ég er ekki hættur. Það er bara af því að í þessi stuttu skipti sem maður nær að spila þá er það svo gaman og gefur mér virkilega mikið. Vonandi sér fyrir endann á þessu. Ég er með gott fólk í kringum mig sem vinnur með mér að þessu. Meðan ég á möguleika á því að spila aftur gefst ég ekki upp,“ sagði Haukur.

Hann segir að áherslubreytingar í leikstíl Keflvíkinga eftir að Willum Þór Þórsson tók við þýði að finslúpan liðsins taki tíma. „Ég hef ekki áhyggjur af þessu markaleysi. Helsti styrk-

leikinn okkar í fyrra var sóknin en vörnin var til vandræða. Nú er hún orðin mjög góð og við þurfum bara að finna rétta blöndu í okkar leik,“ sagði Haukur sem vonast til að verða góður í seinni umferð deildarinnar.



# Lygilegar í Laugardalnum

Ísland vann öruggan 3-0 sigur á Króatíu í gær. Það hefur nú unnið alla níu leikina undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar á Laugardalsvelli með markatöluna 43-0. Katrín Jónsdóttir skoraði í sínum 100. leik með íslenska landsliðinu.

**FÓTBOLTI** Ísland og Frakkland mætast í úrslitaleik á menningarnótt um laust sæti í umspili HM. Ísland þarf að vinna leikinn 3-0 en á meðan möguleikinn er til staðar er enn von. Ísland vann Króatíu 3-0 í gær.

Íslenska landsliðið hefur nú leikið níu leiki á Laugardalsvelli undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, unnið þá alla og markatalan er 43-0. Liðið hefur sem sagt ekki fengið á sig mark í þessum níu leikjum.

Fyrri hálfleikur var einstefna að Laugardalshöllinni. Íslenska liðið hélt boltanum lengst af og skapaði tólf færi. Tveimur þeirra lauk með marki. Áður en Hólfríður Magnúsdóttir skoraði eftir frábæran einleik skallaði hún í stöngina.

Dóra María skaut í slá en Hólfríður tvöfaldaði forystuna skömmu fyrir hálfleik. Eftir langa sendingu fram tók hún boltann af varnarmanni og skoraði. Þjálfari liðsins trylltist, grýtti vatnsflösku í jörðina og húðskammaði dómarnum alla leið inn í klefa í hálfleik. Aðrir þjálfarar klöppuðu einnig kaldhæðnislega fyrir dómarnum á meðan hún gekk framhjá þeim. Staðan 2-0 í hálfleik.

Seinni hálfleikurinn var svipaður, hann byrjaði með skalla frá Söru í slána, hún skaut einnig í slána síðar í hálfleiknum, og yfirburðirnir héldu áfram.

Það var víðeigandi að Katrín Jónsdóttir skyldi skora í sínum 100. landsleik. Frábær árangur hennar með landsliðinu og víðeig-



HÓLMFRÍÐUR MEÐ TVÖ Leikmenn íslenska landsliðsins fagna öðru tveggja marka Hólfríðar Magnúsdóttur í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

andi að skora í leik sem hægt er að tileinka henni.

Leikurinn fjaraði út og þrátt fyrir mikla yfirburði skoraði Ísland ekki meira. Þrátt fyrir að ólíklegt sé að markatalan muni skipta máli, sem gerist aðeins ef Ísland vinnur Frakkland 2-0, hefði íslenska liðið átt að skora meira, bæði í gær og gegn Norður-Írum á laugardaginn.

„Ég er mjög ánægður með hvernig leikmenn leystu þetta verkefni af hendi,“ sagði Sigurður Ragnar

Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leik. „Við spiluðum góðan leik, höldum markinu hreinu og gáfum ekki færi á okkur. Við vorum þínu óheppnar að skora ekki fleiri mörk því við sköpuðum nóg af færum.“

Úrslitasendingar brugðust að mati Sigurðar. „Þetta er eitthvað sem við verðum að vinna með áfram og bæta okkur í. Sóknarlega þurfum við að gera betur og skora fleiri mörk. Við fáum ekki svona mörg færi í leiknum gegn Frökkum,“ sagði Sigurður. - hph, egm

Katrín Jónsdóttir skoraði í sínum hundraðasta landsleik:

# Fannst ég vera eins og fífl

**FÓTBOLTI** Katrín Jónsdóttir var ánægð með að skora í sínum hundraðasta leik en hún segist ekki hafa stefnt neitt sérstaklega á það fyrir leikinn að setja mark. „Ég hugsaði bara út í það að ég ætlaði að spila góðan leik og við ættum að vinna þetta,“ sagði Katrín með bros á vör eftir leikinn.

„Það var mikið gert úr því að þetta væri hundraðasti leikur minn en það sem skipti máli var að þetta var sigur og ég er ótrúlega glöð með að það tókst.“

Katrín sleppti því að vera í bol innanundir landsliðstreyjunni með tölunni 100 en fyrir leik fékk hún blómvönd frá KSÍ. „Það er rosa flott en mér leið mjög kjánalega í þessari afhendingu. Mér fannst ég vera eins og fífl þegar ég horfði upp í stúku,“ sagði Katrín og hló. „Það er rosa gaman að vera búin að vera svona lengi í þessu og sjá allar þessar breytingar sem hafa átt sér stað.“

Katrín er sammála því að mörkin hefðu átt að vera fleiri í gær. „Það er jákvætt að við sköpuðum okkur færi en það er jákvætt að við höldum hreinu. Ég man ekki



FYRIRLIÐINN HEIÐRÆÐUR Katrín Jónsdóttir lék sinn 100. landsleik í gær og var heiðruð fyrir leikinn gegn Króatíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvenær við fengum síðast á okkur mark á Laugardalsvelli.

„Næsti leikur er gegn Frakklandi og við verðum að eiga topp-

leik til að vinna hann. Við vitum það alveg. Það er allt hægt í fótbolta og höfum trú á að við getum unnið þann leik 3-0.“ - egm

**Miele**



www.eirvik.is

## Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop  
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

**EIRVÍK** -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

**aktu taktu**

**SUMAR TILBOÐ**

**Ostborgari og Coke**

bættu við frönskum 299

**499**

**1. BARNÁÍSINN**

**150 kr**

**Í ALLT SUMAR**



KHEbikes®



# Tími fyrir hjól

**25% afsláttur**

**Öll reiðhjól: Götuhjól, fjallahjól og barnahjól**

Hjóladeildin er í Holtagörðum. Komdu og sjáðu úrvalið – gerðu kostakaup.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

**ÚTILÍF**





# Lækkað verð

# á timbri

## - allt að 15%!

Í júnímánuði höfum við lækkað verð á timbri og ýmsum timburtengdum vörum um allt að 15%.

Gerð verðsamanburð



Vnr. 0024504  
**Burðarviður**  
Burðarviður  
50x100 mm, hefllað.

**440** kr./lm.

Vnr. 0024506  
**Burðarviður** **666** kr./lm.  
Burðarviður 50x150 mm, hefllað.



Vnr. 0058254  
**Girðingarefni**  
Girðingarefni, fura, aleflað  
22x95 mm, A-gagnvarið.

**205** kr./lm.

Vnr. 0058324  
**Pallaefni** **255** kr./lm.  
Pallaefni, fura, aleflað 22x95 mm A-gagnvarið.



Vnr. 0072164  
**Panill**  
Panill, greni, 12x95 mm.

**179** kr./lm.



Vnr. 0172125  
**Gipsplötur**  
Gipsplötur, 13/1200x2530 mm.

**2.715** kr./pl.



Vnr. 0077255  
**Vatnsklæðning**  
Vatnsklæðning, fura, 20x120 mm.

**440** kr./lm.





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.20

True Blood

Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bills en saman þurfa þau að berjast gegn andúð íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampíur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Gossip Girl

Stöð 2 kl. 20.05

Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé yfirdrífri snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um það hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst  
06.40 Veðurfregni  
06.50 Bæn  
07.03 Vitt og breitt  
07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir  
08.05 Morgunund með KK  
08.30 Fréttayfirlit  
09.05 Okkar á milli  
09.45 Morgunleikfimi  
10.03 Veðurfregni  
10.13 Trío  
11.03 Samfélagið í nærmynd  
12.00 Hádegisútvarpið  
12.20 Hádegisfréttir  
FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2  
FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 91,9 Kaninn  
FM 93,5 Rás 1

12.45 Veðurfregni  
12.50 Dánarfregni og auglýsingar  
13.00 Í boði náttúrunnar  
14.03 Tónleikur  
15.03 Útvarpssagan: Út að stela hestum  
15.25 Skorningar  
16.00 Síðdegisfréttir  
16.05 Á sumarvegi  
17.03 Viðsjá  
18.00 Kvöldfréttir  
18.20 Auglýsingar  
18.22 Syrpan  
18.50 Veðurfregni  
FM 95,7 FM957  
FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan

18.53 Dánarfregni  
19.00 Gamli maðurinn og sárið  
19.40 Sumarsnakk  
20.00 Leynifélagið  
20.30 Út um græna grundu  
21.30 Kvöldsgagan: Konan í dalnum og dæturnar sjó  
22.05 Veðurfregni  
22.10 Orð kvöldsins  
22.15 Bak við stjórnar Fatlaðir og öryrkjar  
00.05 Nætturtónar  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 102,2 Útvarp Latibær  
FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

19.25 The Doctors The Doctors eru glænýr spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

20.10 Falcon Crest II (2:22) Hin ógleymanlega og hrifandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldnum, lífið á vínbúgöðunum í Toscani-dalnum listast af stöðugum erjum milli þeirra.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Modern Family (21:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

22.10 Cougar Town (2:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfssóðruggrar einstæðrar móður unglingsdrengrs.

22.35 Bones (19:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með stórfum Dr. Temperance Bones Brennán, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum.

23.20 Curb Your Enthusiasm (8:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjórnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.

23.50 Daily Show. Global Edition Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíf og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

00.15 The Doctors

01.00 Falcon Crest II (2:22)

01.50 Fréttir Stöðvar 2

02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.15 Only Fools and Horses 12.50 My Hero  
13.15 My Hero 13.50 Life of Riley 14.15 Life of Riley  
14.45 The Weakest Link 15.30 The Inspector Lynley Mysteries 16.15 EastEnders  
16.45 The Weakest Link 17.30 Fawcety Towers  
18.00 Keeping Up Appearances 18.30 Hustle  
19.20 Lark Rise to Candleford 20.10 Fawcety Towers  
20.40 Doctor Who 21.25 Fawcety Towers 22.00 Lark Rise to Candleford 22.50 Benidorm 23.15 Lark Rise to Candleford

DR 1

12.00 Spise med Price 12.30 Drommehaver  
13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix  
14.00 That's So Raven 14.30 Leon 14.35 Splint & Co 15.00 F for Får 15.05 Landet for længe siden  
15.30 Dragen 16.00 Kær på tur 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret  
17.30 VM 2010 studiet 17.55 3: Halvleg ved Krabbe & Mølby 18.00 Kendt du typen  
18.30 Naturen kalder 19.00 TV Avisen 19.25 Skt. Hans  
20.00 Rembrandt 21.45 Onsdags Lotto 21.50 Mord på hjemmen 23.25 Boogie Mix

NK1

12.20 Par i hjerter 13.10 Dallas 14.00 Derrick  
15.00 Folk 15.30 Lisa goes to Hollywood 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk  
16.10 Kokkekamp 16.40 Distriktshyeter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Menneskets store vandring  
18.20 Det siste bålet 18.50 Vikinglotto 18.55 Distriktshyeter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 House 20.15 Sankthans-konsert med Finn Kalvik  
21.00 Kveldsnytt 21.15 Corleone 22.55 Bybanen i Bergen - minutt for minutt 23.25 Svisj gull

SVT 1

12.25 Lilla prinsessan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttlasset går 15.25 Cleo 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi  
16.10 Regionala nyheter 16.15 Hundra procent bonde 16.45 AnneMat 17.15 Regionala nyheter  
17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Fotbolls-VM 20.30 Fotbolls-VM: Höjdpunkter 21.15 Stand-up med John Oliver 22.15 Fotbolls-VM

# Frábær OPNUNARTILBOÐ

Stórlækkað verð og vaxtalaus lán til 6 mánaða.



## Pavilion dv6 2010eo

24.900 kr.\*

Heildarverð: 149.400 kr.  
Verð áður: 179.900 kr.

Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520 2,3 GHz, 1 MB Level 2 cache  
Harður diskur: 320GB SATA 7200 rpm  
Skjúr: 15,6" HD LED BV, 1366x768  
Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4530 512MB DDR3  
Geisladrif: LightScribe  
DVD+/RW Mesta minni stutt: 8GB  
Vinnsluminni: 4 GB DDR2 (2x2GB)  
Minniskortalesari: 5+1

Í tilefni þess að Opin kerfi hafa opnað nýja og glæsilega verslun, **Ok búðina** Höfðabakka 9, bjóðum við frábær opnunartilboð á HP fartölvum og HP prenturum.



- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI


\* Verð á mánuði miðað við 6 mánaða vaxtalaust lán sem Ok búðin veitir. Fyrsta afborgun í ágúst. Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá starfsaðilum um land allt.

**HP Deskjet D1660**  
9.990 kr.  
Ödýr og góður litaprentari sem hentar vel til skjálautprentunar.  
HP Everyday Photo Paper, 100 bls. pakki Verðmæti: 1.400 kr.

**HP PHOTOSMART All-in-One**  
19.900 kr.  
Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.  
HP Premium Photo 10x15 20 bls. pakki HP Everyday Photo Paper, 100 bls. pakki Verðmæti: 2.500 kr.

**HP PHOTOSMART AIO WiFi**  
24.900 kr.  
Præðlaus fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.  
HP 364 Ljósmyndu "value pack". Verðmæti: 6.800 kr.



Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18



Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

### SUMARFRÍÐ



„Ég er ekki með mikið planað. Ég eyði helgunum úti á landi að gera upp gamalt hús sem er í fjölskyldunni. Mér finnst það mjög skemmtilegt. Síðan ætla ég á gosloka hátíðina en annað er nú ekki planað.“

Porvaldur Davíð Kristjánsson leikari.

# Velur á milli Quincy Jones og Stallone

Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen er staddur í Los Angeles um þessar mundir þar sem hann er á meðal gesta kvikmyndahátíðarinnar Los Angeles Film Festival. Kvikmyndahátíðin fer fram í miðborg Los Angeles og er þetta í sextánda sinn sem hún er haldin. Á hátíðinni er sýndur mikill fjöldi óháðra kvikmynda, stuttmynda auk tónlistarmyndbanda og verður myndband Davíðs við lagið Supertime sýnt á hátíðinni. „Ég er staddur hérna ásamt þeim Helga Jóhannssyni, leikstjóra myndbandsins, og Hrafni Garðarssyni og hér er mikið

**38** myndbönd keppa í sama flokki og myndband Berndsens á LA Film Festival.

HEIMILD: LAFILMFEST.COM

stuð. Kanarnir elska okkur alveg hreint og við fengum meðal annars að ganga rauða dregilinn sem var mjög skemmtileg upplifun, ég hef aldrei fengið jafn mörg flass á mig á jafn stuttum tíma,“ segir söngvarinn kampakatur. Hátíðin stendur frá 17. júní og

fram til 27. júní og mun Davíð og föruneyti hans dvelja í borg englanna allan þann tíma. „Akkúrat núna er ég að reyna að gera upp við mig hvort ég eigi að eyða kvöldinu með Sylvester Stallone eða Quincy Jones. Leikarinn Ben Affleck er líka með fyrirlestur sem ég er að hugsa um að kíkja á og hér er líka opinn bar sem er stórhættulegt fyrir poppstjórnu eins og mig.“

Davíð mun ekki sitja auðum höndum þegar heim til Íslands er komið því hann mun meðal annars leika fyrir dansi á Írskum dögum á Akranesi.



VINSÆLIR Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen er staddur á kvikmyndahátíðinni Los Angeles Film Festival þar sem hann gekk eftir rauða dreglinum.

Crossword puzzle grid with numbers 1-21 in specific cells.

#### LÁRÉTT

2. plát, 6. samtök, 8. aur, 9. æxulunarkorn, 11. ullarfloki, 12. aðfall, 14. skrölt, 16. drykkur, 17. titill, 18. kerald, 20. óhreinindi, 21. skrífa.

#### LÓÐRÉTT

1. hegða, 3. frá, 4. þegn, 5. steinbogi, 7. hagnaður, 10. þrá, 13. heyskapa-ramboð, 15. kattardýr, 16. lítill söpi, 19. bardagi.

#### LAUSN

LÓDRÉTT: 1. hagna, 3. af, 4. borgarí, 5. brú, 7. arðseim, 10. ósk, 13. orf, 15. frú, 18. áma, 20. ím, 21. rita. LÁRÉTT: 2. gabb, 6. aa, 8. for, 9. gró, 11. rú, 12. aðsög, 14. skrap, 16. te, 17.

#### VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Akureyri.
2 Vestmannaeyjum.
3 Kaffihús.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi



Á SVIÐI MEÐ TOM JONES Anna Mjöll og Tom Jones syngja lagið When I Fall in Love. Á milli þeirra er stjarfur undirleikari.

ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR: BAUÐ „THE VOICE“ UPP Á SVIÐ MEÐ SÉR

# SÖNG ÓVÆNT DÚETT MEÐ TOM JONES Í LOS ANGELES

„Tom var ædislegur. Það varð allt vitlaust,“ segir söngkonan Anna Mjöll Ólafsdóttir. Anna Mjöll kom fram á tónleika staðnum Vibrato í Bel Air í Los Angeles á mánudagskvöld. Stór-söngvarinn Tom Jones var á meðal áhorfenda og Anna bauð honum að sjálfsgöðu upp á svið. Tom, sem varð sjötugur 7. júní, þáði boðið og þau sungu saman lagið When I Fall in Love, sem hefur verið tekið upp af fjölmörgum listamönnum. Þar á meðal Tom sjálfum, Doris Day og Nat King Cole. Anna segir Jones hafa verið á staðnum ásamt systur sinni, en saman voru þau að halda upp á

feðradaginn. Hún var ekki viss um hvort hann myndi slá til, en segir að hún hafi hreinlega þurft að athuga það. „Þegar maður er með Tom Jones sitjandi fyrir framan sig, þá á hann að hætta að borða og koma upp á svið. Skítt með þótt hann sé svangur! Hann getur borðað seinna,“ segir Anna og hlær. „Hann kom svo bara upp með glasið sitt.“ Jones söng þrjú lög til viðbótar við það sem hann söng með Önnu og samkvæmt henni trúðu áhorfendur vart sínum eigin augum. Þá voru meðlimir hljómveitarinnar stjarfir, enda með lifandi goðsögn fyrir framan sig. Anna segir

Jones hafa verið gríðarlega fagmannlegan, enda hafi hann stigið algjörlega óundirbúinn á svið og staðið sig með mikilli þrýði. „Svo var hann ofboðslega almennilegur og góður,“ segir Anna. Eins og gefur að skilja vildu fjölmargir áhorfendur fá mynd af sér með goðinu. Hann var til í það og sendi áhorfendur hamingjusama heim. „Það reyndu allir að halda aftur af sér, en hann var voða kurteis við alla á meðan myndirnar voru teknar,“ segir Anna. „Svo var hann lengur en allir. Þegar allir voru farnir sat hann heillengi með okkur.“

atlifannar@frettabladid.is

#### FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan Sólveig Káradóttir var í heimsókn hér á landi ásamt kærasta sínum, bítlasyninum Dhani Harrison, syni George, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yfirgefa þau landið aftur nú í vikunni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þetta myndarlega par hefur sést saman á vappi um miðbæinn en þau hafa verið saman í þónokkurn tíma. Öðrum vel kunnum listamanni sást einnig bregða fyrir í miðbænum fyrr í vikunni. Fyrrum söngvari hinnar vinsælu hljómveitar Bubbleflies, Páll Banine, virðist einnig vera í heimsókn hér á landi um þessar mundir.



Rithöfundurinn, eftirherman og textasmiðurinn Sólmundur Hólm Sólmundason mun ganga að eiga unnustu sína, Elinu Önnu Steinarsdóttur, í ágúst. Sóli, eins og hann er kallaður, er þekktur fyrir að koma sjálfur fram í brúðkaupum sem veislustjóri og skemmtikraftur en ekki er kunnugt hver muni stjórna hans eigin brúðkaupi. Porvaldur Davíð, leikari og æskuvinur Sóla, kemur þó sterkt til greina. Einnig er líklegt að Gylfi Ægisson söngvari muni taka lagið en Sóli skrifaði einmitt ævisögu hans á síðasta ári og hlaut mikið hrós fyrir.



Klara og stúlkurnar í The Charlies, áður Nylon, hafa í nægu að snúast í Hollywood þessa dagana. Þær eru nú á fullu að taka upp nýja tónlist ásamt fagfólki, en tóku sér pásu í vikunni og skelltu sér á tónleika. Táningsstjarnan Miley Cyrus varð fyrir valinu, en hún er einmitt sammingsbundin sama útgáfufyrirtæki og stelpurnar, Hollywood Records.



- sm, áþ, afb

### Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:

Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.

Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.

Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning!




## Svala Björgvins bloggar um tísku

Söngkonan Svala Björgvinsdóttir hóf nýverið að blogga og heldur nú úti stórskemmtilegu tiskubloggi þar sem hún fjallar um tísku, kvikmyndir, tónlist og annað tiskutengt efni.

Svala hefur bloggað í nokkrar vikur og segir það skemmtilega iðju. „Ég blogga nokkuð oft enda tek ég tölvuna með mér nánast hvert sem ég fer. Það er hægt að tengjast netinu eiginlega alls staðar í Los Angeles og það tekur mig ekki langan tíma að skrifa eina færslu. Ég er svolítið manísk þannig að þegar ég byrja á einhverju sem ég hef mikinn áhuga á þá er ekki hægt að stoppa mig,“ útskýrir Svala. Hún segist sjálf skoða tiskublogg reglulega og er að mestu hætt að kaupa tiskublöð því nú sé hægt að

nálgast allar nýjustu tiskufréttirnar á netinu. „Tiskublogg eru tiskublöð dagsins í dag. Þar er hægt að fylgjast með tiskusýningum og öllu því nýjasta sem er að gerast í tískuheiminum.“ Aðspurð segir Svala tískuáhugann alltaf hafa verið til staðar og hefur hún meðal annars saumað sín eigin fót allt frá því hún var í gagnfræðiskóla. „Tónlist og tíska hafa alltaf verið mínar ástríður. Ég hef safnað gömlum hönnunarflíkum sem ég kaup á eBay en ég hef líka verið dugleg að þræða markaði um allan heim. En ég vil ekki eyða miklum peningum í fót enda er það óþarfi. Ég er sparsamur fatafíkill,“ segir söngkonan glaðlega. Hægt er að skoða bloggið hennar Svölu á slóðinni www.killakali.tumblr.com.



BLOGGAR UM TÍSKU Söngkonan Svala Björgvinsdóttir heldur úti skemmtilegu tiskubloggi þar sem hún fjallar um allt milli himins og jarðar.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

# Taktu þátt í Lukkulífi VITA til Tyrklands 29. júní, 10. og 20. júlí



## TYRKLAND Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

### Tyrkland Ódýrast!

Hvergi  
óðýrara  
að lifa á  
sólarstöðum  
sumarið  
2010

Möguleiki á  
léttgreiðslum

## Lukkulíf VITA

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

**Flugsæti 29. júní.**  
Verð frá 59.900 kr.

Innifalið flug fram og til baka og flugvallarskattar.

**29. júní í 11 nætur**  
Verð frá 81.600 kr.

á mann m.v. 2 í stúdíó.

Innifalið: Flug, gisting,  
flugvallarskattar og íslensk  
fararstjórn.

Hálft fæði!

**29. júní í 11 nætur**  
Verð frá 101.900 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.

Innifalið: Flug, gisting,  
flugvallarskattar og íslensk  
fararstjórn.

### Þökkum frábærar viðtökur! Flugáætlun

19. júní	Uppselt
29. júní	Nokkur sæti laus
10. júlí	Nokkur sæti laus
20. júlí	Laust
31. júlí	Uppselt
10. ágúst	Örfá sæti laus
21. ágúst	Örfá sæti laus
31. ágúst	Uppselt
11. september	Uppselt
18. september	Uppselt
29. september	Uppselt
06. október	Uppselt

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Strippað áfram, án Geira

Geiri Goldfinger, eða Ásgeir Davíðsson, er nú að selja nektarstaðinn sinn í Kópavogi. Hann segist vera orðinn of gamall í bransann. Hinn 1. júlí verða sett lög sem banna nektardans á Íslandi, en Geiri segist ekki sjá að það hafi sérstök áhrif á reksturinn. Lögin segi að ekki megi gera út á nektina. „Og maður hefur ekki verið að gera svo mikið út á nektina hvort eð er,“ segir Geiri. Lögin hafi þó þau neikvæðu áhrif að nektarstaðir verði ekki taldir eins spennandi og áður að heimsækja.



#### Sýslumaður frestar ættarmóti fyrir Stóns

Það leikur enginn vafi á því að Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, er mesti aðdáandi hljómsveitarinnar Rolling Stones á Íslandi. Ólafur verður því heiðursgestur á tónleikum Stóns í Mosfellsbæ á laugardag, en hljómsveitin sérhæfir sig í að taka óaðfinnanlegar útgáfur af lögum gömlu Rolling Stones. Meðlimirnir eru engir aukvísar, en Bjóssi, Bjarni og Krummi úr Mínus eru allir í bandinu ásamt hinum stímamjúka Birgi Ísleifi úr Motion Boys. Sagan segir að Ólafur Helgi neyðist til að fresta komu sinni á ættarmót vegna tónleikanna, sem hann ætlar alls ekki að missa af. - afb



### Mest lesið VISIR.IS

- 1 Kórufoltamaður ætlar að áfrýja nauðgunardómi
- 2 Nýráðin dagskrárástjóri sjónvarps segir starfi sínu lausu
- 3 Barn hætt komið í verslun - lífshættulegar rúllugardínur
- 4 Karlarnir þrjúna og drekka bjór
- 5 Gagnrýnir ráðningu Sigrúnar sem dagskrárástjóra

### SUMARÚTSALA á útivistarfatnaði



LÍFLAND  
Lynghálsi 3 Reykjavík  
Lónsbakka Akureyri

## VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Knútur og Helena rækta tómatu á Friðheimum í Reykholti. Þau eru einu garðyrkjubændurnir sem rækta plómutómata allt árið um kring en auk þeirra rækta þau hefðbundna tómatu og konfektómata. Á Friðheimum gefst gestum tækifæri til að skoða gróðurhúsin og kynna sér hvernig tómatarækt gengur fyrir sig.



islenskt.is

islenskt grænmeti